„Körfuknattleikur gefur hvað mesta hreyfingu og fjölbreytni í vöðvaáreynslu“

Upphaf körfuknattleiks hjá ÍR og jafnframt sem keppnisíþróttar á Íslandi er stundum rakið til strands gamals eistnesks skips við Reykjanes árið 1946. Meðal skipbrotsmanna var Eistlendingurinn Ewald Mikson sem festi hér rætur. Hann hafði lagt stund á íþróttir í heimalandi sínu, m.a. leikið landsleiki í knattspyrnu og íshokkíi og stundað körfuknattleik. Frjálsíþróttadeild ÍR réð Mikson sem þjálfara í janúar 1950. Æfingunum lauk hann með nokkurra mínútna körfuknattleik en körfur til þess arna höfðu verið settar upp í ÍR-húsinu 1947. Kenndi Mikson frjálsíþróttamönnunum því fljótt körfuknattleik og var áhugi þeirra strax vakinn. Var það vísirinn að því brautryðjandastarfi á sviði körfuknattleiks sem ÍR hóf á Íslandi en félagið hefur eflt íþróttina allar götur síðan. Var Mikson kominn með ágætt lið um vorið. Um haustið, í lok september 1950, ákvað stjórn félagsins að hefja sérstakar körfuknattleiksæfingar, einu sinni í viku til að byrja með. Var Mikson falið að sjá um æfingarnar auk annarrar þjálfunar sem hann hafði með höndum hjá félaginu. Meðal annars átti að reyna að vekja áhuga stúlkna á íþróttinni en stjórn ÍR þóttu fullfáar stúlkur æfa hjá félaginu, sérstaklega tilgreindi hún áhugaleysi kvenna á því að æfa körfuknattleik.

Með þessu varð ÍR fyrst félaga til að hefja skipulegar æfingar í körfuknattleik á Íslandi. Allar götur síðan hefur félagið verið aðsópsmikið í þeirri grein. Stórveldi um langt árabil og vann fleiri Íslands- og Reykjavíkurmeistaratitla en nokkurt annað félag fyrstu þrjá áratugi körfuknattleiksins. Var þá eina félagið sem sent hafði lið til keppni í öllum Íslands- og Reykjavíkurmótum. Met í stigaskorun í leik settu ÍR-ingar 1955 er þeir skoruðu 52 gegn ÍS og ári seinna bættu þeir um betur, skoruðu 58 stig gegn sama liði. Enn breyttist metið 1957, í 67 stig. Það var slegið

1958 er ÍKF gerði 108 stig í leik. Met það lét ÍR afskiptalaust í 18 ár eða þar til í leik gegn Snæfelli 1976 er þeir settu stigamet að nýju, skoruðu 148 stig gegn 76.

Elsta liðsmynd sem til er af körfuknattleiksliði ÍR, tekin í nýja íþróttahúsinu á Keflavíkurflugvelli á árinu 1951. Á myndinni eru, frá vinstri: Ewald Mikson þjálfari, Ingólfur P. Steinsson (fyrsti formaður körfuknattleiksdeildar ÍR), Jón Björnsson, Jóhann Guðmundsson, Kristján Sigurðsson, Gísli Kristjánsson, Garðar Ragnarsson, Guðmundur Ingólfsson, Finnbjörn Þorvaldsson og Gunnar Bjarnason.

Þá má geta þess að ÍR-ingar eiga enn met hvað varðar óslitna sigurgöngu. Léku þeir 32 leiki án taps á tímabilinu 1960–65.

ÍR-húsið fylltist fljótt og sterkt bandarískt lið leikur við ÍR

Strax eftir að skipulagðar æfingar í körfuknattleik hófust fylltist fljótt ÍR-húsið og myndaðir voru fleiri flokkar. Í fyrstu voru engin íslensk lið til að keppa við og var þá farið suður á Keflavíkurflugvöll þar sem varnarliðsmenn stunduðu leikinn. Lærðu ÍR-ingar margt nýtt í þeim ferðum. Í janúar 1952 kom ameríska háskólaliðið „Eagles“ frá háskólanum American University í Washingtonborg á vegum hersins til landsins og lék við ÍR. Var þar á ferð mjög þekkt lið í Bandaríkjunum er unnið hafði marga stórkeppnina þar. Í liðinu var hæsti körfuknattleiksmaður heimsins, Edward Mofat, sem var 2,16 metrar á hæð.

Á undan leiknum sýndi liðið ýmsar kúnstir áhorfendum til mikillar skemmtunar. Færa varð leikinn aftur um einn dag sakir þess að íþróttahúsið við Hálogaland var ekki hitað upp nógu fljótt fyrir keppnina. Og húsið var ekki í sem bestu ásigkomulagi þegar leikurinn fór fram, 4. janúar.

„Ljósin slokknuðu margsinnis meðan á leiknum stóð og hinir amerísku gestir, svo ekki sé minnst á Íslendingana, sem öllu eru orðnir vanir, urðu að bregða sér í fötin sveittir og heitir, því ekki hafði verið gert við sturturnar. – Er hér um að ræða einstakan trassaskap af hálfu þeirra er stjórna þessu stærsta íþróttahúsi landsins,“ sagði í frásögn Morgunblaðsins af leiknum á baksíðu Morgunblaðsins. Gestirnir bandarísku höfðu að vonum yfirburði og unnu leikinn 64:16. Af leiknum lærðu ÍR-ingar margt og framfarir urðu miklar eftir komu þess. Ameríkumennirnir létu þau orð falla um íslensku piltana að undrum sætti hvað þeir gætu eftir ekki lengri tíma en liðinn var frá því þeir hófu æfingar.

Annað öflugt bandarískt lið, Syracuse Nationals, sem varð Bandaríkjameistari (NBA) árið 1955 hafði viðdvöl hér á landi á leið til Evrópu í apríl 1956. Sýndi liðið hér listir sínar og tók m.a. tveggja stunda æfingu með ÍR daginn sem það kom til landsins. Í fjórða og síðasta sýningarleiknum fengu Bandaríkjamennirnir sex íslenska leikmenn til liðs við sig – þar af þrjá úr ÍR – og skiptu í tvö lið sem öttu kappi í Hálogalandi. ÍR-ingarnir sem þannig fengu að spreyta sig með Syracuse voru Helgi V. Jónsson, Helgi Jóhannsson og Sigurður P. Gíslason.

Fengu 12 tölusetta boli í stofngjöf

Íþróttin var iðkuð nokkuð af liðsmönnum bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Að beiðni fyrirsvarsmanna þeirra í janúar 1948 gekkst félagið fyrir keppni milli liða af vellinum í íþróttahúsinu á Hálogalandi föstudaginn 6. febrúar 1948.

Tæpum þremur árum seinna, eða á 44 ára afmælisdegi ÍR, 11. mars 1951, var körfuknattleiksdeild ÍR stofnuð. Formaður var kjörinn Ingólfur Steinsson og með honum í stjórn þeir Jón F. Björnsson og Finnbjörn Þorvaldsson. Í stofngjöf fékk deildin frá félaginu tólf tölusetta dökkblá íþróttaboli. Fyrsti þjálfari deildarinnar var fyrrnefndur Ewald Mikson, sem síðar tók sér nafnið Eðvald Hinriksson. Hann varð síðar kunnur sjúkraþjálfari í Reykjavík auk þess sem hann er faðir knattspyrnumannanna kunnu, Jóhannesar og Atla Eðvaldssona.

Mikson var ekki í vafa um að íþróttin ætti eftir að ryðja sér til rúms á Íslandi. „Ég er ekki í nokkrum vafa um að körfuknattleikur verður mjög vinsæl íþrótt hér ef Íslendingar fara að æfa hana,“ sagði hann í samtali í Morgunblaðinu í október 1950. Þar segir að íþróttasérfræðingar í Bandaríkjunum þakki körfuknattleiknum mikið hve frábærum árangri íþróttamennirnir

Á æfingu í ÍR-húsinu við Túngötu 1953. Aftasta röð frá vinstri: Ópekktur, Helgi V. Jónsson, Ingi Þór Stefánsson, Helgi Jóhannsson, Sigurður P. Gíslason og Eðvald Hinriksson þjálfari. Miðröð f.v.: Einar Ólafsson, Jens Karlsson, ópekktur, Hermann Hjartarson og Ólafur H. Árnason. Fremsta röð f.v.: Eggert Jóhannesson, Þórarinn Þorkell Jónsson og Sigurður Egill Þorvaldsson.

vestan hafs hafa náð í frjálsíþróttum. Íþróttamenn þar noti körfuknattleik mikið sem hvíldaríþrótt, iðki hann þann tíma sem þeir hvíla sig frá þjálfun í sérgrein sinni. Geri þeir það til þess að halda líkamanum við. Einnig gefi hann þeim aukna mýkt. Í samtalinu kemur fram að frjálsíþróttamenn ÍR muni æfa körfuknattleik hjá Mikson um veturinn og sennilega einnig aðrar deildir félagsins.

Slíkur gangur var í starfseminni að ákveðið var nokkru fyrir stofnun deildarinnar að efna til keppni í körfuknattleik og badminton í íþróttahúsinu á Hálogalandi milli ÍR og íþróttafélags starfsmanna á Keflavíkurflugvelli. Var þetta fyrsti opinberi leikurinn í körfuknattleik í Reykjavík. Fór hann fram

Frá leik ÍR og Hamars í úrvalsdeild 2005. Á myndinni sjást ÍR-ingarnir Ómar Örn Sævarsson, Gunnlaugur H. Erlendsson og Ólafur J. Sigurðsson.

12. febrúar 1951. Nokkru áður höfðu ÍR-ingar háð kappleiki gegn varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli en beðið ósigur.

Ekki leið á löngu þar til opinbert mót var haldið í körfuknattleik. Annars vegar var haldið mót fyrir skólalið eingöngu í byrjun mars og síðan efnt til opins móts á Keflavíkurflugvelli síðustu helgina í apríl 1951.

ÍR-ingar unnu fyrsta opinbera mótið

Sex lið tóku þátt í síðarnefnda mótinu, fimm úr Reykjavík og eitt frá Keflavík. Úr borginni kepptu lið Háskólans, Menntaskólans í Reykjavík, bókbindara, lögregluþjónanema og ÍR auk Víkinga úr Keflavík, en svo hét lið íslenskra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli. Eftir harða og jafna keppni hrósuðu ÍR-ingar sigri í þessari fyrstu opinberu körfuknattleikskeppni; unnu lið Menntaskólans í úrslitaleik með 21 stigi gegn 17. Skoruðu fjögur síðustu stigin á lokamínútunni. Þeir voru vel að sigrinum komnir. Bestu menn liðsins voru Ingi Þór Stefánsson og Finnbjörn Þorvaldsson, sem betur er þó þekktur fyrir afrek sín í spretthlaupum. Áður en til úrslitaleiksins kom höfðu ÍR-ingar unnið Víkinga með 41:15 og Háskólann með 36:29 í útsláttarkeppni. Að mótinu stuðlaði bandaríska flugvélaverksmiðjan Lockheed Aircraft Overseas Corporation. Að loknum úrslitaleiknum afhenti aðstoðarframkvæmdastjóri fyrirtækisins, Paul McCully, ÍR-ingum glæsilegan silfurbikar að launum.

Um leið og McCully þakkaði sigurvegurunum ágætan leik og óskaði þeim til hamingju með sigurinn gat hann þess að bikarinn yrði eign ÍSÍ og að eftirleiðis myndi það ákveða eftir hvaða reglum hann skyldi veittur. Um hann var keppt á Íslandsmeistaramótinu næstu árin, en þetta fyrsta mót fékkst ekki löggilt sem Íslandsmót. ÍR sá um framkvæmd fyrsta Íslandsmeistaramótsins í körfuknattleik, árið 1952, en varð að láta Lockheed-bikarinn frá sér til að byrja með. Varð á fyrsta Íslandsmótinu, 1952, í þriðja sæti af fimm liðum, með jafnmörg stig og liðin í öðru og fjórða sæti. Og í öðru sæti 1953, tveimur stigum á eftir sigurvegurum Íþróttafélags Keflavíkurflugvallar (ÍKF), sem vann tvö fyrstu mótin. Gunnar Bjarnason ÍR varð stigahæsti leikmaður fyrsta mótsins með 29 stig.

Allt er þegar þrennt er því ÍR-ingar unnu titilinn svo fyrsta sinni 1954, á þriðja Íslandsmótinu. Í liðinu voru Ingi Þór Stefánsson fyrirliði, Helgi Jóhannsson, Gunnar Bjarnason, Helgi Jónsson, Sigurður Gíslason, Einar Ólafsson og Jón Björnsson. Á mótinu var og í fyrsta sinn keppt í 2. og 3. flokki. Varð ÍR einnig Íslandsmeistari í eldri flokknum en í 2. sæti í 3. flokki. Mótið þótti táknrænt fyrir aukinn áhuga á körfubolta í félögunum því alls munu þátttakendur mótsins hafa verið 60–70 á móti 35–40 árið áður. Munu og helmingi fleiri hafa æft íþróttina hjá félögunum en áður á þessum tíma.

ÍR-ingar ósigraðir á Íslandsmótinu 1957

ÍR-ingar hömpuðu einnig Íslandsmeistaratitlinum 1955 og aftur 1957. Ingi Þór, Gunnar og Helgarnir tveir voru einnig í liðinu 1955 ásamt Rósmundi Guðmundssyni, Gunnari Pedersen og Svavari Árnasyni.

Morgunblaðinu þótti ekki mikið til upphafsins koma seinna árið, 1957, og gagnrýndi aðstandendur þess hart fyrir sinnuleysi. Taldi blaðið ekki á það bætandi að árið áður hafði heilt Íslandsmót verið dæmt ógilt fyrir ólöglegan undirbúning og fyrirskipað að það yrði að fara fram á nýjan leik. „Íslandsmót í körfuknattleik hófst í fyrradag með leynd“ sagði í fyrirsögn á skammarfrétt. ÍR-ingar unnu lið Háskólans í einum af upphafsleikjum mótsins. Tóku hann í sínar hendur og lögðu þá þegar grunninn að sigri í mótinu. Helgi Jónsson var atkvæðamestur, skoraði 21 stig.

Erkifjendurnir ÍR og KR áttust við í annarri umferð. Leikurinn var jafn og tvísýnn framan af og í hálfleik var staðan 29:24 fyrir ÍR. Í seinni hálfleik gjörbreyttist gangur leiksins. Hraði ÍR-inga var þá mjög mikill og úthald gott en KR-inga virtist skorta úthald. Breikkuðu ÍR-ingar bilið jafnt og þétt og unnu 67:33. Helgi Jónsson var bestur, átti mörg glæsileg skot og setti 29 stig, var jafnframt driffjöður liðsins. Nafni hans Jóhannsson skoraði 17 stig.

Í þriðja leiknum sóttu ÍR-ingar Íslandsmeistara ÍKF heim á Keflavíkurflugvelli. Hann réð úrslitum um hvort meisturunum tækist að halda titlinum áfram eða hvort bikarinn og meistara-

Íslandsmeistarar 1957 og 1958.
Aftari röð f.v.: Hrefna Ingimarsdóttir þjálfari, Hildur Gísladóttir, Perla Guðmundsdóttir, Unnur Þorkelsdóttir og Þóra Sumarliðadóttir.
Fremri röð f.v.: Guðrún Steingrímsdóttir, Gerða Jónsdóttir og Laufey E. Sigurðardóttir.

titillinn kæmi aftur til Reykjavíkur. Leikurinn var mjög jafn og spennandi en nokkuð harður. ÍKF hafði frumkvæðið en ÍR-ingum tókst að jafna fyrir hlé og stóð þá 23:23. Áfram höfðu heimamenn frumkvæði og ÍR-ingum tókst ekki að ná þeim létta samleik sem þeir höfðu sýnt í öðrum leikjum. Um miðjan hálfleik stóðu leikar enn jafnt en í lokin tókst ÍR-ingum að tryggja sér sigurinn. Leiknum lauk 46:39 og töldust það sanngjörn úrslit. Ingi Þór Stefánsson setti flest stig eða 18 og Helgi Jónsson 10. Bandarískir varnarliðsmenn dæmdu leikinn og þóttu hafa gott vald á honum.

Úrslitaleikur mótsins fór loks fram milli ÍR og Gosa. Var hann jafn allt

fram á síðustu sekúndur og lauk með naumum sigri ÍR, 34:33. Í hálfleik stóðu leikar 17:17. Í byrjun seinni hálfleiks tókst ÍR-ingum að ná sex stiga forystu sem þeir héldu mestallan hálfleikinn.

Leipzig-farar 1959: Fremri röð f.v. Haukur Hannesson, Þorsteinn Hallgrímsson, Lárus Lárusson og Einar Ólafsson. Aftari röð f.v. Helgi Jóhannsson, Einar Matthíasson, Guðmundur Þorsteinsson, Guðmundur Aðalsteinsson, Ingi Þór Stefánsson, Hólmsteinn Sigurðsson og Gunnar Petersen.

Gosar minnkuðu hins vegar bilið mjög á síðustu mínútum en ÍR-ingar sluppu með skrekkinn. Af þeim var Helgi Jóhannsson traustastur og skoraði 15 stig. Ingi Þór gerði átta og Helgi Jónsson sjö. ÍR-ingar voru eftir þennan leik orðnir Íslandsmeistarar í körfuknattleik 1957. Voru vel að sigrinum komnir þar sem þeir unnu alla leiki sína í mótinu og hlutu átta stig. Í liðinu voru Gunnar Petersen, Helgi Jóhannsson fyrirliði, Helgi Jónsson, Ingi Þór Stefánsson, Lárus Lárusson, Rósmundur Guðmundsson og Svavar Árnason.

Var þetta í þriðja sinn sem ÍR-ingar verða Íslandsmeistarar og í öll skiptin léku Helgi Jóhannsson, Ingi Þór Stefánsson og Helgi Jónsson með liðinu. Þeir áttu eftir að hampa bikarnum oftar.

Kvennaflokkur æfði að staðaldri frá 1950 og oft með fjöri

Árið 1955 hóf ÍR sérstök námskeið í körfuknattleik fyrir konur sem voru sæmilega sótt. „Er vel, að stúlkur skuli byrjaðar að leika þennan skemmtilega knattleik og vonandi að önnur félög fylgi þar eftir," segir í Árbók íþróttamanna um þessa nýbreytni hjá ÍR. Uppskeran varð sú að félagið vann kvennaflokk á Íslandsmótinu 1956, 1957 og 1958. Voru það fyrstu titlar félagsins í meistaraflokki kvenna af alls tíu. Fyrstu Íslandsmeistarar ÍR í kvennaflokki eru Gerða Jónsdóttir, Guðrún Steingrímsdóttir, Laufey E. Sigurðardóttir, Hildur Gísladóttir, Perla Guðmundsdóttir, Unnur Þorkelsdóttir og Þóra Sumarliðadóttir.

Reyndar var kvennaflokkur stofnaður strax haustið 1950. Æfði hann að staðaldri og oft með miklu fjöri. Nokkuð dró þó úr að um enga keppni var að ræða fyrstu árin því önnur félög höfðu ekki stofnað kvennaflokk. Kvennaflokkinn þjálfaði Hrefna Ingimarsdóttir frá byrjun uns Einar Ólafsson tók við af henni árið 1959.

Einar átti eftir að reynast körfuknattleiknum drjúgur, ekki bara hjá ÍR heldur hvernig sem á það er litið. Þáttaskil urðu er hann hóf starf sem íþróttakennari við Langholtsskóla við Holtaveg. Hann hafði þá leikið körfuknattleik með meistaraflokki félagsins í nokkur ár. Hann hóf þegar að kenna nemendum sínum í Langholti körfuknattleik og þeir hinir sömu gengu

síðan beint í ÍR um leið og þeir höfðu aldur til. Má með sanni segja að flestallir leikmenn sem byrjuðu að leika körfuknattleik hjá ÍR eftir 1958 hafi komið úr Langholtsskóla. Þannig er saga körfuknattleiksdeildar ÍR í áratugi – og þar með saga körfuknattleiks á Íslandi – nátengd íþróttakennslu Einars Ólafssonar í Langholtsskóla.

„Útungunarstarfi" Einars fylgdi mikil gróska. Leikmenn í yngri flokkunum voru það margir að oft voru þrjú lið í hverjum aldursflokki í keppni. Á Íslandsmótinu 1964 var t.d. keppt í tveimur riðlum í 3. aldursflokki. Í öðrum sigraði a-lið ÍR en í hinum b-lið ÍR eftir að hafa unnið c-lið ÍR með litlum mun. Úrslitaleikur mótsins, sem haldinn var í íþróttahúsinu á Hálogalandi, var því á milli ÍR-a og ÍR-b og þurfti annað liðið að leika bert að ofan þar eð deildin átti aðeins eina gerð búninga!

ÍR-ingar fyrstir til að bjóða erlendu liði til Íslands

ÍR sýndi stórhug og djörfung 1958 er félagið varð fyrst til þess að bjóða til landsins erlendu liði til keppni í körfuknattleik. Í byrjun október kom körfuknattleikslið S.C. Wissenschaft DHfK frá íþróttaháskólanum í Leipzig í Þýskalandi í boði körfuknattleiksdeildar ÍR. Var þetta í fyrsta sinn að erlent lið kemur til keppni við íslenska körfuknattleiksmenn í boði íslensks félags. Þetta lið var bikarmeistari Austur-Þýskalands og hafði orðið í fjórða sæti í meistarakeppni landsins. Ekki hafði deildin efni á að láta hina erlendu leikmenn gista á hóteli og fluttu formaður hennar, Ingi Þór Stefánsson, og kona hans, Hrefna Ingimarsdóttir, úr íbúð sinni í tíu daga og létu gest-



Karl Guðlaugsson var þekktastur fyrir þriggja stiga skotin, en hér hefur hann brugðið fyrir sig betri fætinum og keyrir af krafti að körfunni í leik gegn Snæfelli (1990).

unum hana eftir. Voru rúm og dýnur fengin að láni hjá Rauða krossinum og raðað í íbúðina. Einnig var fengin kona til þess að elda ofan í gestina og bjuggu þeir í íbúð formannsins í besta yfirlæti.

Gestirnir léku fyrst gegn ÍR og höfðu auðveldan sigur, 73:35. Slógu þeir ÍR-inga út af laginu með mannavöldun út allan völlinn. Fyrir bragðið varð sóknarleikur ÍR fálmkenndur. Þjóðverjarnir léku og mjög hratt og létu knöttinn ganga hratt sín á milli. Var það ekki fyrr en ÍR-ingar tóku upp svæðisvörn að leikurinn jafnaðist nokkuð.

Í næsta leik lögðu gestirnir Íslandsmeistara ÍKF 81:38 og KFR 62:46. Loks léku þeir gegn liði sem íþróttafréttamenn völdu úr ÍR, ÍKF og KFR. Fóru Þjóðverjarnir ósigraðir heim því þeir unnu þann leik 56:36. Úrslitin virtust óhagstæð en heimsóknin þótti eiga sér stað á mjög óheppilegum tíma. Æfingar félaganna nýhafnar og engir kappleikir höfðu farið fram, enda náði ekkert íslensku liðanna að sýna sitt besta. Ljóst þótti að leikirnir hefðu orðið mun jafnari ef þeir hefðu farið fram seinni hluta vetrar eftir Íslandsmót. Heimsóknin þótti þó sýna þrátt fyrir allt að íslenskir körfuknattleiksmenn ættu erindi í keppni við lið utan úr Evrópu.

Reyndist erfitt að fóta sig á malarvelli úti undir beru lofti

Heimsókn Þjóðverjanna var endurgoldin í ágúst 1959. Meistaraflokkur deildarinnar fór þá til Þýskalands og hóf förina með þátttöku í alþjóðlegu móti á mikilli íþrótta- og leikfimihátíð. Keppt var úti undir beru lofti á malarvelli og gekk fyrsta æfing ÍR-inganna á honum ekki vel. Reyndist þeim mjög erfitt að fóta sig á möl-inni. Mótherjarnir voru ekki af verri endanum; landslið Austur-Þjóðverja, landslið Finnlands og úrvalslið úr rússnesku hersveitunum sem sátu í landinu. Fararstjórinn, Guðmundur Þórarinsson, betur þekktur sem frjálsíþróttaþjálfari, skrifaði nokkurs konar dagbók um ferðina sem birtist að hluta til í Alþýðublaðinu í ágúst og september.

„Lítil von er til mikils árangurs gegn svo sterkum liðum og hér er um að ræða, og hvað þá í fyrstu keppni utanhúss. Piltarnir eru samt ákveðnir í að gera sitt besta og verður þá ekki hægt að krefja þá um meira. Piltarnir hafa það yfirleitt ágætt, nokkrir eru þó lasnir. Mataræðisbreytingin og hitinn um og yfir 25° á celsíus hefur lagst illa í þá," segir Guðmundur í fyrstu dagbókargrein sinni.

Guðmundur reyndist sannspár um mótið. Í fyrsta leik töpuðu ÍR-ingar fyrir Finnum 48:14 og í öðrum leik hafði austur-þýska landsliðið betur, 61:22. Það lið vann keppnina og best stóðu ÍR-ingarnir sig gegn liði rauða hersins sem hafði betur, 54:28. Skoraði liðið minnst í fyrsta leik en sótti sig í þeim efnum við hverja viðureign. Var lengi í gang og komust Finnarnir t.a.m. í 17:0 í fyrsta leiknum áður en ÍR-ingarnir komust á blað.

„ÍR-ingarnir voru ekki svipur hjá sjón miðað við leikni þeirra heima. Mótstaðan var geysihörð. Allir leikirnir fóru fram utanhúss á völlum þar sem efsta lagið er fastur, harður sandleir. Piltunum gekk ákaflega illa að fóta sig. Runnu þeir hvað eftir annað og duttu og misstu þannig oft gefin tækifæri. Einnig var eins og þeir gætu ekki reiknað út fjarlægð körfunnar rétt þar sem engan vegg var við að miða og einnig var golan til trafala," segir Guðmundur. Og bætir við að spilið hafi lagast með hverjum leik og skotin orðið nákvæmari. Bestu menn í leikjunum voru að hans sögn Þorsteinn Hallgrímsson og Lárus Lárusson.

„Númer 17, já hann var grossartig"

Alls lék ÍR-liðið átta leiki í ferðinni. Eftir alþjóðamótið í Leipzig var haldið nokkuð suður fyrir borgina og leikið við Motor Lauchhammer-Ost 74 í óskaplegum hita. Heimaliðið, með þýskan landsliðsmann innanborðs er skoraði nær helming stiga þess, vann með 64 stigum gegn 52. Daginn eftir var leikið við fyrstudeildarliðið Chemia í Ottendorf.

„Nú náðu piltarnir okkar sér virkilega á strik. Völlurinn var ágætur og ekkert sem amaði að, og nú sýndu þeir virkilega góðan körfuknattleik við feikna fögnuð áhorfenda. Þeir unnu leikinn með 83:53," segir í dagbók Guðmundar en í hálfleik var staðan 44:27 ÍR í vil. Bætir við að Lárus hafi verið langbesti maður liðsins og áhorfendur undrast færni hans. Einar Matthíasson hafi og leikið vel og samspil þeirra Lárusar verið gott. Einar hafi skorað 28 stig í leiknum eða fleiri en nokkur mótherji eða meðspilari í leikjunum til þessa. „Í veislu um kvöldið var ég mikið spurður um hagi piltanna, en einkum þó Lárus. Vildu allir vita sem mest um hann. „Númer 17, já hann var grossartig,"" segir í dagbókinni.

Sjötta leikinn léku ÍR-ingar síðan í borg að nafni Lichtenstein. Heimaliðið hafði fengið liðsauka þriggja manna frá Leipzig og eins frá Berlín. Allt kom fyrir ekki, ÍR sigraði örugglega og áttu Lárus og Þorsteinn bestan leik. Sjöundi og síðasti leikurinn í Þýskalandi fór svo fram í Leipzig gegn gestgjöfunum, S.C. Wissenschaft DHfK. Lofað hafði verið að hann færi fram innanhúss. „Ekki urðu menn glaðir þegar fréttin barst um að leika ætti úti þar sem lofað hafði verið innanhússleik. Þrátt fyrir áköf mótmæli okkar fór leikurinn fram úti og lyktaði með sigri gestgjafa okkar, 77:73," segir Guðmundur Þórarinsson í dagbók sinni úr ferðinni.

Í hálfleik höfðu heimamenn góða forystu, 33:24. Staðráðnir í að gefa leikinn ekki frá sér börðust ÍR-ingar eins og ljón í seinni hálfleik og skoruðu í honum 49 stig gegn 44. Komust um tíma tvö stig yfir en sól og hiti bræddi mótspyrnu ÍR-inga að lokum. Niðurstaðan var góð miðað við yfirburði þýska liðsins í Reykjavík árið áður. Þjóðverjunum kom á óvart hversu ÍR-ingum hefði farið fram á ekki lengri tíma. Unnu þeir tvo leiki af sjö í ferðinni.

Fyrrverandi formaður ÍR segir sig úr félaginu

Förin til Þýskalands hafði miklar afleiðingar í för með sér á vettvangi félagsins. Ný stjórn félagsins hafði að tillögu formanns hennar, Alberts Guðmundssonar, ekki orðið við beiðni körfuknattleiksmannanna sjálfra um að fararstjóri yrði Jakob Hafstein, sem látið hafði af formennsku í félaginu í mars. Þess í stað samþykkti stjórn félagsins 6. júlí að stjórnarmaður skyldi fara



Íslandsmeistarar 1962: Haukur Hannesson, Einar Ólafsson, Agnar Friðriksson, Hólmsteinn Sigurðsson, Guðmundur Þorsteinsson, Helgi Jóhannsson, Sigurður P. Gíslason, Þorsteinn Hallgrímsson, Tómas Zoëga og Steindór Guðjónsson.

með liðinu. Sá eini þeirra sem farið gat utan á þessum tíma var Guðmundur Þórarinsson frjálsíþróttaþjálfari. Ákveðið var að hann færi en engar ástæður gefnar fyrir því í fundargerð að beiðni um Jakob sem fararstjóra var synjað. Ekki kemur heldur fram hvort stjórnin hafi klofnað í málinu, sem var hið eina á dagskrá fundarins og allir stjórnarmenn skrifa undir fundargerðina; Atli Steinarsson, Finnbjörn Þorvaldsson, Sigurjón Þórðarson, Ingi Þór Stefánsson, Guðmundur Þórarinsson og Örn Eiðsson.

Tveimur dögum eftir fundinn skrifaði Jakob stjórn ÍR bréf og sagði sig úr félaginu. „Mér hefur verið tjáð, að meirihluti stjórnar ÍR hafi á fundi sínum sl. mánudag tekið þá ákvörðun, að ég skyldi ekki verða fararstjóri körfuknattleiksflokks ÍR, sem fer til Þýskalands í næsta mánuði, eins og samþykkt hafði verið af fyrrverandi stjórn ÍR og ég valinn einróma af þátttakendum í förinni – af þeim ástæðum, að „viðskilnaður minn sem formaður ÍR hefði verið á þann veg við félagið, að mér væri ekki treystandi til fararstjórnarinnar“ í umræddri ferð. Meirihluta stjórnar ÍR er væntanlega ljóst hvílíkt gífurlegt vantraust og ásakanir felast í umræddri samþykkt og hve djúpu sári þessi fregn hefur sært mig. Til þess að fyrirbyggja nokkur tengsl eða áhættu bæði fyrir mig og félagið í framtíðinni vil ég hérmeð biðja yður að fjarlægja mig af félagsskrá ÍR og formannafélagi þess. Jakob V. Hafstein.“

Bréfið var tekið fyrir á næsta fundi stjórnarinnar, fjórum vikum síðar. Þar segir að félagsstjórnin geti ekki fallist á þau rök sem Jakob gefi fyrir brottför sinni úr félaginu. Þess má geta að um síðir sættust þeir Albert og Jakob og tók sá síðarnefndi þátt í starfi félagsins og formannafélags ÍR á sínum efri árum.

Erró lék með ÍR

Leikmenn meistaraflokksins voru allmargir á fimmta áratugnum en flestir voru lengi með. Tveir léku frá upphafi og út áratuginn, Ingi Þór Stefánsson,

sem var auk þess formaður deildarinnar um árabil, og Helgi Jóhannsson, en hann lék með liðinu fram á miðjan næsta áratug, hætti vorið 1965. Var Helgi lengst af fyrirliði auk þess sem hann var einnig þjálfari liðsins frá 1952, eftir að Eðvald Hinriksson hætti og alveg fram á miðjan sjöunda áratuginn er Einar Ólafsson tók við af honum. Einar var meðal leikmanna ÍR í byrjun. Og á fyrstu árunum var þar leikmaður sem gat sér frægð á sviði annars konar lista síðar meir. Þar er um að ræða Guðmund Guðmundsson, öðru nafni Erró. Drakk hann í sig þrek og kraft með æfingum í gamla ÍR-húsinu sem komið hefur sér vel er hann blótaði aðra listagyðju síðar meir. „Og þá var hann bara ósköp venjulegur strákur, í körfubolta með okkur,“ segir rithöfundurinn Hallgrímur Helgason að faðir hans, Helgi Hallgrímsson, mikill liðsmaður skíðadeildar ÍR í áratugi, hafi sagt um Erró.

Fyrri hluti sjöunda áratugarins er eitt mesta blómaskeið körfuknattleiksdeildar ÍR. Hún bar höfuð og herðar yfir allar körfuknattleiksdeildir landsins. Til marks um það sigraði ÍR haustið 1964 í öllum flokkum sem keppt var í á Reykjavíkurmótinu nema í 4. flokki karla. Í þeim flokki sigraði KR í úrslitaleik við ÍR með þriggja stiga mun. Þegar þáverandi formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur, Baldur Möller, afhenti fyrirliða KR bikarinn sagði hann að þessi sigur KR væri fyrir sig sönnun þess að unnt væri að vinna ÍR í körfuknattleik.

Leiftursókn ÍR-inga réð úrslitum

Árin 1960–64 vann meistaraflokkur ÍR samfellt öll Reykjavíkur- og Íslandsmót, eða fimm ár í röð. Liðið var illsigranlegt og hafði þá meðal annars á að skipa leikmönnum sem Þorsteini Hallgrímssyni, Guðmundi Þorsteinssyni, Hólmsteini Sigurðssyni og Helga Jóhannssyni. Þáttaskil urðu 1964 er sumir eldri leikmannanna hættu. Þá veiktist Guðmundur Þorsteinsson, sem margir telja besta miðherja sem leikið hefur í íslenskum körfuknattleik, og var lítið með eftir það. Þorsteinn fór síðan utan til náms haustið 1965 og urðu því kynslóðaskipti í meistaraflokknum á þessum árum. Tóku þá við yngri leikmenn sem voru nánast allir úr Langholtsskóla þar sem þeir lærðu listina hjá Einari Ólafssyni. Áfram var liðið samt á toppnum og tapaði aðeins einum leik veturinn 1964–65; sjálfum úrslitaleik Íslandsmótsins, en afar naumt, 65:64. Lauk þar með fimm ára einokun ÍR á titlinum.

Auk góðra leikmanna verður að hafa í huga að á árunum 1955 til 1970 naut ÍR-liðið þess að hafa tvo framúrskarandi þjálfara, fyrst Helga Jóhannsson og síðar Einar Ólafsson. Að öðrum ólöstuðum má segja að Helgi hafi fyrstur manna á Íslandi skilið íþróttina og báðir tileinkuðu sér og lögðu mikla áherslu á að þjálfa leikmenn í grunnatriðum körfuboltans.

Á Íslandsmótinu 1962–63 var í fyrsta sinn leikin tvöföld umferð í meistara-

flokki karla og þótti sú nýbreytni takast vel. „Hinn rauði þráður landsliðsins, ÍR, ber enn höfuð og herðar yfir önnur íslensk lið og hafði algera yfirburði í mótinu," segir í umfjöllun Íþróttablaðsins um mótið. Það þótti segja sína sögu um yfirburði ÍR að sex leiki af átta hafði liðið unnið með meira en 30 stiga mun. Aðeins í einum leik átti liðið í verulegum erfiðleikum, gegn KR í fyrri umferðinni en hann vannst með aðeins þriggja stiga mun, 57:54. „ÍR-liðið býr yfir miklum hraða og beitir leiftursóknum sínum óspart og áttu öll hin liðin í erfiðleikum með að verjast þeim. Samleikur liðsins er ágætur og sama er að segja um tæknina og úthaldið," segir Íþróttablaðið einnig. ÍR átti stigahæsta mann mótsins og þótti vel að sigrinum komið.

ÍR gæti gefið síðasta leikinn en unnið samt

Þannig hljómaði fyrirsögn á íþróttasíðu Morgunblaðsins eftir næstsíðustu umferð Íslandsmótsins 1963. Íslandsmeistaratitillinn var í höfn ÍR-inga eftir yfirburðasigur þeirra á KR, 81:53, í seinni viðureign þeirra í mótinu. ÍR-ingar höfðu einir unnið alla sína leiki og eiginlega aldrei verið hætt komnir. „ÍR-ingar höfðu undirtök í leiknum allan tímann. KR-ingar réðu ekki við vel skipulagðan leik ÍR og tókst ekki að ná upp þeim sóknarleik sem eitthvað mátti sín gegn góðum varnarleik ÍR-inga. Ofan á bættist að Guðmundur Þorsteinsson var í essinu sínu, stóð sig vel í vörn og skoraði 30 stig fyrir ÍR," sagði í umsögn blaðsins.

Og það sparaði ekki stóru orðin. Eftir lokaumferðina hálfum mánuði seinna sagði í fyrirsögn: „ÍR átti mótið". Þar sagði að hefði hugur ÍR-inga verið þannig hefðu þeir getað slegið nýsett stigamet KR. „Körfuknattleik hefur tvímælalaust fleygt fram hér á landi á þessum vetri. En á sama tíma stendur lið ÍR enn framar öðrum liðum en verið hefur á undanförnum árum. Þeir hafa átt mjög góða leiki allt þetta mót að undanteknum einum leik, sem ekki var að kenna kunnáttuleysi heldur taugum sem ekki voru nógu sterkar," bætti blaðið við.

Óhætt er að fullyrða að körfuknattleiksdeild ÍR hafi náð mjög góðum árangri í þeim mótum er hún tók þátt í. Í Reykjavíkurmótinu haustið 1963 sendi ÍR t.a.m. lið í öllum flokkum sem keppt var í nema 1. flokki karla. Varð ÍR Reykjavíkurmeistari í þeim öllum, þ.e. meistaraflokki karla, 3. flokki karla og 4. flokki karla. Í Íslandsmótið um veturinn sendi félagið lið til þátttöku í öllum flokkum sem keppt var í.

Hampaði félagið Íslandsmeistaratitlinum fimmta árið í röð vorið 1964 og var sigur ÍR í Íslandsmótinu aldrei í hættu. Vann liðið alla fjóra leiki sína og fékk fullt hús stiga eða átta, en Ármann og KR fengu tvö stig hvort félag.

Þoldu ÍR-ingar því að tapa síðasta leiknum en verða samt meistarar. Báru þeir höfuð og herðar yfir íslensk körfuknattleikslið. Virtist það ætla að verða erfitt fyrir mótherja ÍR-inga að

kollvarpa veldi þeirra. Félagið vann einnig 2. og 3. flokk karla 1964 og undirstaðan í félaginu því góð, en það tapaði naumlega í 1. flokki og 4. flokki karla. Til marks um styrkar undirstöður voru í fyrsta sinn vorið 1964 afhent sérstök tæknimerki Körfuknattleikssambandsins sem veitt voru að teknu færnisprófi í tækniþrautum. Tuttugu leikmenn á öllum aldri hlutu þar gullmerki. Svo bar við að þeir voru allir úr ÍR sem m.a. sýndi viðgang körfuknattleiksins innan félagsins.
Þá vann ÍR hraðkeppnismót er haldið var í tilefni af 65 ára afmæli KR.

Svíar komust loks yfir er Hólmsteinn fór út af

ÍR átti sína fulltrúa í landsliðinu sem hélt til keppni í Norðurlandamótinu í Helsinki 1964, Polar Cup. Guðmundur Þorsteinsson varð reyndar að hætta við förina vegna veikinda en Hólmsteinn Sigurðsson, Anton Bjarnason og Þorsteinn Hallgrímsson tóku þátt í henni. Fyrirfram var ekki búist við að Íslendingar hefðu roð við Finnum og Svíum og jafnvel búist við sigri Dana á Íslendingum vegna forfalls Guðmundar, hæsta mannsins.

Minnstu munaði að Íslendingar kæmu í veg fyrir að Svíar yrðu í öðru sæti og hirtu það sjálfir. Liðið sýndi afburðaleik og hafði yfir allan leikinn. Var það ekki fyrr en í lokin að ólag komst á vörnina er Hólmsteinn varð að fara af leikvelli og Svíar komust yfir og unnu, 65:59. Þorsteinn Hallgrímsson var bestur á vellinum og skoraði 30 stig. Nærri voru Íslendingar búnir að tapa fyrir Dönum en unnu 56:55. Þorsteinn sýndi hins vegar gríðarlegt keppnisskap undir lokin og vann leikinn eiginlega upp á eigin spýtur. Skoraði sigurstigin fimm til sex sekúndum fyrir leikslok.

Þorsteinn varð stigahæstur í mótinu og var að sögn finnskra blaða ekki aðeins bestur körfuknattleiksmanna á Norðurlöndum, heldur jafnvel einn af bestu í Evrópu. Hann þótti sýna afburða leiki í mótinu og var vinsælasti leikmaður þess.

Fyrsta íslenska liðið sem kemst í aðra umferð í Evrópukeppni

Fyrstir íslenskra liða tóku Íslandsmeistarar ÍR á árinu 1964 þátt í Evrópubikarkeppni meistaraliða. Þótti Íþróttablaðinu það skemmtileg tilbreyting í fátæku íþróttalífi í skammdeginu. Keppnin fór fram um haustið og kallaði á að liðið hætti ekki æfingum yfir sumartímann sem venja var til. Undirbúningur var hafinn snemma sumars með æfingum tvisvar í viku í Valsheimilinu. Þær þóttu ekki nógu gagnlegar því fjórir leikmenn voru forfallaðir; einn veikur og hinir úti á landi í vinnu.

ÍR-ingar lentu í öðrum riðli keppninnar ásamt liðum frá Írlandi, Englandi og Frakklandi. Drógust þeir gegn Collegians Basketball Club frá Belfast, meistaraliði Írlands. Sigurvegarar úr þeirri viðureign áttu að leika gegn sigurliðinu úr viðureign enska liðs-

ins og þess franska. Leikið var heima og heiman og komst það lið áfram er betri stigatölu hlaut samanlagt. ÍR-ingar sigruðu Írana glæsilega. Fyrri leikurinn fór fram í íþróttahúsinu á Keflavíkurflugvelli 5. desember. Burstuðu ÍR-ingar gestina, eins og sagt er á íþróttamáli, unnu leikinn 71:17 en í hálfleik var staðan 31:5. Guðmundur Þorsteinsson skoraði í leiknum fyrsta stig íslensks félagsliðs í Evrópukeppni. Það gerði hann úr víti eftir fimm mínútna leik. Bar á taugaóstyrk hjá ÍR-ingum á upphafsmínútunum og höfðu þeir brennt af 13 skotum áður en Guðmundur tók af skarið.

Guðrún Ólafsdóttir heitin var lengi pottur inn og pannan í kvennastarfi ÍR, sem leikmaður, þjálfari og stjórnarmaður. Á myndinni er hún að taka við verðlaunum úr hendi Gylfa Kristjánssonar.

Hálfum mánuði seinna var leikið í Belfast. Virtist sem Írum hefði vaxið fiskur um hrygg því sá leikur var mun jafnari og skemmtilegri. Aftur sigruðu ÍR-ingar en munurinn var minni, 63:47. Birgir Jakobsson, sem aðeins var 16 ára, vakti mikla athygli fyrir frammistöðu sína, bæði heima og ytra. Í einkaskeyti AP-fréttastofunnar til Morgunblaðsins sagði að hann hefði átt mestan þátt í sigri ÍR og skorað 26 stig, en í fyrri leiknum vakti hann athygli fyrir skotfimi sína en þá skoraði hann 16 stig. Þessum leik ÍR-inga og Collegians var sjónvarpað um Bretlandseyjar.

Þannig urðu ÍR-ingar fyrstir íslenskra liða til að komast í aðra umferð í Evrópukeppni í íþróttum. Drógust þeir á móti frönsku meisturunum, ASVEL frá Lyon. Önnur umferð fór fram í janúar á sama tíma og landsliðið, með Þorstein Hallgrímsson og Jón Jónasson innanborðs og Einar Ólafsson þjálfara, var á keppnisferð í Bandaríkjunum.

Ítrekaðar tilraunir til að fá leikjunum seinkað þar til landsliðið kæmi heim báru engan árangur. Fyrri leikurinn fór fram á Keflavíkurflugvelli 10. janúar og viku seinna var leikið ytra, 17. janúar. Fjarvera Þorsteins veikti ÍR-liðið, ekki síst vegna þess að leikmenn ÍR voru alls óvanir að keppa án hans. Mótstaðan var ekki eins mikil og hefði getað verið. Töpuðu ÍR-ingar báðum leikjum sínum gegn hinum frönsku meisturum. Hinum fyrri 74:42 og þeim seinni í Frakklandi 84:19. Í útileiknum vantaði fleiri lykilmenn en Þorstein því til Lyon komust t.d. hvorki Agnar Friðriksson, sem þótti bestur í fyrri leiknum, né Guðmundur Þorsteinsson. ÍR-ingar voru ekki sáttir við frammistöðu sína í Frakklandi og vildu gleyma leiknum sem fyrst. Með samþykki allra leikmanna laumaði Helgi þjálfari leikskýrslu frá leiknum út um lestarglugga á leiðinni frá Lyon til Parísar! Þó liggur fyrir að stigin skoruðu fjórir menn; Viðar Ólafsson sjö, Hólmsteinn Sigurðsson sex, Helgi Jóhannsson fjögur og Birgir Jakobsson tvö.

Konurnar vildu ekki verða eftirbátar

Konur hafa hvorki viljað né verið eftirbátar karlmanna innan ÍR. Á árunum 1965 vildi ekkert félag senda lið í meistaramót kvenna í körfuknattleik en á endanum var þó efnt til keppni milli ÍR og KR um Íslandsmeistaratitilinn undir vor. ÍR-stúlkur höfðu æft vel um haustið 1965 undir stjórn Helga Jóhannssonar og ákváðu þá, fyrst svo var komið, að fara út og keppa. Haldið var til Skotlands og Englands í febrúar 1966. Vænst var góðs af ferðinni en svo fór þó að ÍR-stúlkurnar biðu lægri hlut í leikjum sínum þremur ytra. Þeim fyrsta gegn skoska landsliðinu töpuðu þær 34:56 á Portobello í Glasgow í Skotlandi. Í öðrum leiknum mættu þær ensku meisturum Crystal Palace á heimavelli þeirra í London og töpuðu 20:70. Þriðja leiknum, gegn öðru enski liði, Malory School, lauk svo 45:64 ÍR í óhag.

Í ferð þessa fóru Ásta Garðarsdóttir, Dagbjört Halldórsdóttir, Fríður Guðmundsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Halldóra Árnadóttir, Kristín Einarsdóttir, Helga Gunnarsdóttir, Hildur Kristinsdóttir, Rannveig Laxdal og Lína Gunnarsdóttir. Þær nutu reynslunnar af ferðinni er þær tæpum tveimur mánuðum eftir heimkomuna urðu Íslandsmeistarar í körfuknattleik. Fór aðeins einn leikur fram í meistaraflokki kvenna þar sem einungis ÍR og KR sendu lið til keppni. Var hann háður síðasta leikkvöld Íslandsmóts karla, 28. apríl 1966. ÍR-stúlkurnar voru allan tímann sterkari aðilinn og sigur þeirra aldrei í hættu. Var staðan í hálfleik 15:9 og juku þær forskot sitt enn í seinni hálfleik og sigruðu örugglega 28:18. Bestan leik af hálfu ÍR sýndi Rannveig Laxdal sem skoraði sjö stig. Með Íslandsmeistaratitlinum að þessu sinni bættu ÍR-stúlkurnar félaginu það upp að karlaliðið varð ekki meistari þetta árið, sem þótti tíðindum sæta.

Með þessu endurtók sig sagan frá árinu 1963. Einnig þá mættu aðeins tvö kvennalið til leiks í Íslandsmótinu, ÍR og Skallagrímur úr Borgarnesi. Hafði ÍR fram sigur, 29:19, eftir tiltölulega jafnan leik. Fyrri hálfleikur var jafn og skiptust liðin á forystu. Í leikhléi voru Borgarnesstúlkur yfir, 10:9. Og til að byrja með var leikurinn líka jafn í seinni hálfleik, en ÍR-stúlkurnar áttu betri endasprett og sigruðu sem fyrr segir með nokkrum mun.

ÍR-stúlkurnar urðu meistarar tvö ár í röð því þær unnu Íslandsmótið aftur 1967. Eitt lið hafði bæst í hóp keppnisliða, frá KR. Léku ÍR-stúlkurnar til úrslita við KR eftir að bæði lið höfðu lagt Borgnesinga. Þá viðureign vann ÍR 23:11. Sigur ÍR í úrslitaleiknum var

aldrei í hættu, liðið vann KR með 26 stigum gegn 20 og hafði yfir í hálfleik, 11:8. Ásta Garðarsdóttir var best í liði ÍR, skoraði 11 stig.

ÍR-ingar óvanir jöfnum leik og að vera undir

Fyrra fimm ára sigurtímabili ÍR-inga lauk árið 1965 er KR-ingar rufu sigurgöngu þeirra og náðu af þeim Íslandsbikarnum. Í fyrri umferðinni benti ekkert til þess að senn féllu ÍR-ingar af stalli sínum. Lögðu KR-inga þá örugglega 70:57. Þorsteinn Hallgrímsson fór hamförum sem oft fyrr og síðar og skoraði 28 stig. Vísir sagði að sama væri hvaða liði hann fylgdi til keppni í Íslandsmóti, Þorsteinn myndi færa því sigur.

Sú varð ekki raunin er liðin áttust við öðru sinni, í lokaumferðinni, sumardaginn fyrsta, 22. apríl 1965. ÍR tapaði þeirri viðureign og þar sem liðin voru jöfn að stigum kom til úrslitaleiks milli þeirra. Morgunblaðið sagði skýringuna sjálfsagt þá að ÍR-ingarnir hefðu ekki átt því að venjast að leika svo jafna leiki sem þennan og vera undir mestan hluta leiksins. „Á fimmtudagskvöldið fékkst loksins jákvætt svar við hinni margtuggnu spurningu „tekst KR að sigra ÍR?“ Já, KR sigraði ÍR í æsispennandi leik, einum þeim besta sem sést hefur í körfuknattleik á Íslandi,“ sagði Morgunblaðið.

Leikurinn var mjög jafn allt frá upphafi og skildu aldrei meira en þrjú stig allan fyrri hálfleik og í hléi var staðan 27:26. Sama spennan hélst í seinni hálfleik og gífurleg barátta á báða bóga. Þorsteinn Hallgrímsson rataði í villuvandræði um miðjan hálfleikinn og varð að fara út af er fjórar mínútur voru eftir. Hlaut fimm villur í leiknum og alls 12 í öllu mótinu sem var með því minnsta. Staðan var þá 49:43 fyrir KR og við burtför Þorsteins hrundi leikur ÍR. KR-ingar gripu gullið tækifæri til að láta langþráðan draum rætast. Léku yfirvegað og „gamall“ ÍR-ingur, Einar Bollason, innsiglaði sigur þeirra, 61:48.

Í úrslitaleiknum skiptust liðin framan af á um forystu í jöfnum og góðum leik. KR-ingar höfðu yfir í hléi, 28:23, og héldu forystunni fram eftir leiknum. ÍR-ingar söxuðu hins vegar á svo aðeins einu stigi munaði þegar aðeins mínúta var til leiksloka, 54:53. En lengra komust ÍR-ingar ekki og á endasprettinum lágu þeir öðru sinni fyrir KR, 64:54.

Fram að fyrri tapleiknum hafði ÍR verið taplaust gegn íslenskum liðum í hálft sjötta ár. Hafði unnið 32 leiki í röð á Íslandsmótinu og ekki tapað í mótinu frá í síðustu umferð þess 1959. Og að meðtöldu Reykjavíkurmótinu höfðu ÍR-ingar hrósað sigri í 47 leikjum í röð gegn íslenskum liðum. Unnu þeir alla leiki Reykjavíkurmótsins 1960–64.

Í nokkrum síðustu leikjum Íslandsmótsins voru ÍR-ingar farnir að búa sig undir að missa Þorstein Hallgrímsson sem stefndi á framhaldsnám í verkfræði erlendis um haustið 1965. Hvíldu hann í leikjum en þótt liðið ynni þannig ÍS

með yfirburðum, 93:49, í byrjun apríl, þótti sýnilegt að án Þorsteins vantaði kjölfestuna í liðið. Þorsteinn lék á námsárunum í Danmörku með danska liðinu SISU og varð með því danskur meistari á fyrsta ári sínu ytra. Danska blaðið Politiken sagði hann hafa fært liðinu sigur í mótinu. Hann hefði með góðum leik sínum dregið máttinn úr andstæðingunum og tryggt forskotið sem dugði til sigurs. Þorsteinn sneri heim frá Danmörku eftir þrjú ár og tók upp þráðinn þar sem frá var horfið; lék á ný með sínum gömlu félögum í ÍR. Til Danaveldis hvarf hann enn á ný 1971 og þá í fjögur ár. Lauk hann keppnisferlinum eftir að heim var komið. Lék síðasta leikinn 1980, rúmum 20 árum eftir að hann hóf að keppa með ÍR.

„Langt síðan eins glæsilegur körfuknattleikur hefur sést hér á landi“

Leiktímabilið 1968–69 hófst sigurgangan á ný og unnu ÍR-ingar Íslandsmeistaratitilinn fimm ár í röð, 1969–73. Á þessum árum komu til skjalanna leikmenn eins og Birgir Jakobsson, Agnar Friðriksson, Sigurður Gíslason og Kristinn Jörundsson. Yngri flokkarnir blómstruðu á þessum tíma undir stjórn Einars Ólafssonar og unnu sigur í alls 14 Íslandsmótum á áratugnum 1961–70. Meistaraflokkur kvenna var einnig öflugur á þessum árum; vann Íslandsmót fjórum sinnum – 1963, 1966, 1967 og 1970 – og fór í keppnisferð til Englands og Skotlands árið 1966. Með því varð ÍR fyrst íslenskra kvennaliða í körfuknattleik til að fara í keppnisferð til útlanda.

„Það er víst orðið langt síðan eins glæsilegur körfuknattleikur hefur sést hér á landi og sá leikur, sem ÍR-liðið sýndi á skírdag vestur á Seltjarnarnesi, þegar liðið vann Íslandsmeistaratign í úrslitaleiknum gegn KR. ÍR lék eins og meisturum ber að gera. KR virtist aldrei geta rönd við reist. ÍR hafði yfirburði á flestöllum sviðum leiksins og vann með meiri mun en nokkurn hafði órað fyrir.“ Þannig hljómar upphaf frásagnar Vísis af lyktum Íslandsmótsins 1969. Til úrslitaleiks kom milli ÍR og KR þar sem þau höfðu unnið sinn leikinn hvort í innbyrðis viðureignum sínum í mótinu og orðið jöfn að stigum. KR-ingar unnu lokaleik mótsins sem fram fór 1. apríl. Gárungarnir sögðu að það hefði bara verið aprílgabb hjá ÍR að tapa honum svo til úrslitaleiks kæmi. Fór hann fram tveimur dögum seinna og vegna ágæts leiks KR-inga í lokaumferðinni voru þeir taldir sigurstranglegir. ÍR-ingar voru ekki sama sinnis.

Stjarnan haltraði af velli – en ÍR-ingar margefldust!

Vísir segir ÍR-inga hafa tvíeflst við að missa Birgi Jakobsson úr leik vegna meiðsla snemma í leiknum. Agnar Friðriksson hafi margeflst og skorað hvað eftir annað úr löngum skotum af undraverðu öryggi. Um síðir hafi ÍR-ingar losað úr sér taugaspennu og unun hafi verið að horfa á leik liðsins í seinni hálfleik, einkum samspil



Þorsteinn Hallgrímsson var burðarás ÍR-liðsins á sjöunda og áttunda áratugnum. Á myndinni er hann í landsleik gegn Svíum á NM í Finnlandi á árinu 1964.

Þorsteins Hallgrímssonar og Sigurðar Gíslasonar. Sigurinn varð stór, einn sá stærsti í viðureignum liðanna um árabil, 68:41.

„Agnar Friðriksson með 23 stig var maður dagsins. Í leiknum tveim kvöldum áður hafði hann verið lélegur, nýkominn frá prófborði í Háskólanum, en sannarlega bætti hann það upp, og Þorsteinn Hallgrímsson brást ekki með alhliða leik sínum í sókn og vörn og skoraði 13 stig. Athygli vakti Sigurður Gíslason fyrir leik sinn svo og Sigmar Karlsson, en báðir skoruðu 10 stig. Birgir Jakobsson var mjög góður meðan hans naut við og Pétur Böðvarsson, einn sá lægsti í loftinu í körfuknattleiknum, sannaði að margur er knár þótt hann sé smár. Standast honum fáir snúning í viðbragðsflýti, enda skoraði hann átta stig,

Leikur Agnars með því besta sem sást í íslenskum körfuknattleik

Þannig lauk góðu keppnisári hjá ÍR, aðeins einum leik tapaði liðið, leiknum gegn KR fyrr í vikunni – en satt að segja var það gæfa fyrir bæði liðin. Um 450 manns horfðu á leikinn á skírdag og færðu því góðar tekjur," sagði Vísir.

Morgunblaðið sagði að Agnar Friðriksson hefði átt svo glæsilegan leik að teljast yrði til þess besta sem sæist í íslenskum körfuknattleik. Hann hefði skorað hvað eftir annað af löngu færi, með glæsilegum stökkskotum, hirt fráköst af miklum krafti og átt í heild frábæran leik. Hefði Agnar sýnt að fáir íslenskir körfuknattleiksmenn væru honum fremri þegar honum tækist upp. Þorsteinn Hallgrímsson hefði einnig átt mjög góðan leik og í raun verið maðurinn á bak við velgengni ÍR í mótinu. „Hann er uppbyggjari liðsins, matar samherja sína, berst af jötunmóði hvað sem á dynur, hirðir fráköst fleiri en nokkur annar, skorar glæsilegar körfur og lætur aldrei bugast. Það var því engin tilviljun að Þorsteinn var kjörinn besti leikmaður Íslandsmótsins 1969," sagði Morgunblaðið. Hlaut hann 177 stig í atkvæðagreiðslu meðal leikmanna deildarinnar en næsti maður 59.

ÍR-ingar höfðu undirtökin í þessum úrslitaleik frá upphafi og fljótt stefndi í öruggan sigur. Í seinni hálfleik byrjuðu KR-ingar þó betur og minnkuðu forskot ÍR í fimm stig, 33:28. Héldu áhorfendur um stund, að ÍR-ingar myndu brenna sig á sama soðinu og í fyrri leiknum þar sem þeir glopruðu niður 12 stiga forskoti í hálfleik og töpuðu með átta stigum. „En að þessu sinni voru ÍR-ingar undir það búnir að taka slíku mótlæti og brotnuðu ekki. Miklu fremur var eins og þeir hertu á sér þegar að var sorfið, og á stuttum tíma brjóta þeir mótstöðu KR-inga á bak aftur og skapa sér yfirburðastöðu, 49:33. Eftir það var engin keppni milli liðanna," sagði Morgunblaðið. Sagði það ÍR hafa verið í sínum glæsilegasta ham. Hraðaupphlaup, langskot, stökkskot, blakskot og hvað sem nefna mætti, allt framkvæmdu þeir af miklu öryggi og stóðu auk þess fastir fyrir í vörn og hirtu nær öll fráköst. Þess má geta að einn skásti leikmaður KR að þessu sinni var Ágúst Svavarsson sem lék handknattleik með ÍR og átti eftir að gera garðinn frægan í þeirri íþrótt.

Sérstök úrslitakeppni aflögð eftir fyrstu tilraun

ÍR-ingar urðu svo síðar á árinu 1969 Reykjavíkurmeistarar í körfuknattleik. Unnu KR í úrslitaleik með mestu yfirburðum sem sést höfðu í mörg ár eða 80:57. Í fyrstu virtist sem leikur þessara gömlu keppinauta yrði jafn og spennandi en KR-ingar héldu forystunni framan af. ÍR-ingar sóttu jafnt og þétt í sig veðrið og eftir að hafa náð forystu fyrir hlé höfðu þeir algera yfirburði í seinni hálfleik. Urðu þeir einnig Reykjavíkurmeistarar 1970.

Leikið var með nýju sniði veturinn 1969–70. Að lokinni tvöfaldri umferð voru ÍR og KR jöfn að stigum með 18 stig. Ármann var í þriðja sæti og KFR í því fjórða. Fór þá fram sérstök úrslitakeppni og lék ÍR við KFR en KR við Ármann. Unnu ÍR-ingar sinn leik með yfirburðum og léku því til úrslita við Ármenninga sem óvænt lögðu KR. Vann ÍR allar þrjár úrslitaviðureignir við Ármann. Fyrirkomulagi þessu var breytt strax árið eftir enda þótti það gallað. Sárafáir mættu til að horfa á úrslitaleikina en viðureignir KR og ÍR voru þær einu sem virtust trekkja að áhorfendur á leiki.

Íslandsmeistarar er tvær umferðir voru eftir

Þriðja Íslandsmeistaratitilinn í röð vann ÍR árið 1971. Og það sem meira er, liðið vann alla leiki sína í mótinu. Hlaut 24 stig meðan næsta lið hlaut aðeins 16. Var orðið Íslandsmeistari er tvær umferðir voru eftir. Og slíkir voru yfirburðir ÍR-inga að ekkert félag gat þá lengur náð þeim að stigafjölda. Ekkert lið vann stærri sigur í mótinu en ÍR er það lagði UMFN 95:53 á heimavelli Njarðvíkinga í Krossinum gamla. Í seinni hálfleik léku þeir mest sem yfirleitt vermdu varamannabekkinn í leikjum liðsins.

Á árunum 1969, 1970 og fram á vorið 1971, í þremur Íslandsmótum og tveimur Reykjavíkurmótum, töpuðu ÍR-ingar aðeins tveimur leikjum; einum á Íslandsmótinu 1969 og öðrum 1970. Í meistaraliðinu 1971 léku Kolbeinn Kristinsson, Hólmsteinn Sigurðsson, aldursforseti og síðar formaður ÍR, Þorsteinn Guðnason, Þórarinn Gunnarsson, Þorsteinn Hallgrímsson, Jón Indriðason, Gylfi Kristjánsson, Sigurður Gíslason, Birgir Jakobsson, Gunnar Haraldsson, Kristinn Jörundsson, Agnar Friðriksson, Jón Jónasson, Viðar Ólafsson og Sigurður Jónmundsson. Þjálfari sem fyrr var Einar Ólafsson.

Fengu Evrópumeistarana sem mótherja

Á seinna fimm ára sigurskeiði ÍR-inga í körfuknattleiknum tóku þeir aftur þátt í Evrópukeppninni, eða

Kristinn Jörundsson er einn allra besti og sigursælasti leikmaður í sögu ÍR. Hann sést hér í leik á sinu síðasta keppnistímabili 1987–1988 gegn Þórsaranum Konráð Óskarssyni í Seljaskóla.

árið 1972. Mótherjarnir voru ekki af lakara tagi, Real Madrid, margfaldir Evrópumeistarar og sennilega eitt besta félagslið sem komið hefur til Íslands. Þarf ekki að orðlengja það, ÍR-ingar

Íslandsmeistarar ÍR 1977. Efri röð f.v.: Ásgeir Guðlaugsson formaður ÍR, Hólmsteinn Sigurðsson liðsstjóri, Agnar Friðriksson, Þorsteinn Guðnason, Sigurður E. Gíslason, Jón Jörundsson, Sigurður Valur Halldórsson, Sigurbergur Björnsson, Einar Ólafsson þjálfari og Ásgeir Guðmundsson. Neðri röð f.v.: Sigurjón Ólafsson, Finnur Geirsson, Kristinn Jörundsson, Kolbeinn Kristinsson, Jón Jónasson og Óskar Óskarsson.

komust ekki í aðra umferð það árið eins og í fyrra skiptið sem félagið tók þátt í Evrópukeppninni. Yfirburðir Real Madrid voru miklir, vann fyrri leikinn, sem fram fór í Laugardalshöllinni 9. nóvember, 117:67 og þann seinni í Madríd 93:37. Agnar Friðriksson gerði flest stig ÍR-inganna í báðum leikjum; 22 í Reykjavík og 19 í Madríd þótt Spánverjarnir hefðu á honum sérstakar gætur þar vegna frammistöðu hans í fyrri leiknum. Að sögn Morgunblaðsins var leiknum í Madríd sjónvarpað í lit um allan Spán.

Eftir að dregið hafði verið í fyrstu umferðina sóttust Spánverjarnir eftir því að báðir leikirnir færu fram þar í landi. Á það féllust ÍR-ingar ekki og vildu heldur gefa íslenskum áhorfendum kost á að sjá hið fræga lið í keppni í Reykjavík. ÍR-ingar drógust svo aftur gegn Real Madrid í Evrópukeppninni 1975 enda meistarar það árið að nýju. Aldrei stóð til af hálfu félagsins að taka þátt í keppninni þetta árið. Varð því ekki úr að þeir spiluðu á ný við Real Madrid.

Árið 1974 kræktu KR-ingar í Íslandsmeistaratitilinn en ÍR endurheimti hann 1975 og 1977. Á þessum árum, framan af áttunda áratugnum, bættust í liðið menn eins og Kolbeinn Kristinsson, Jón Jörundsson, Erlendur Markússon og Jón Indriðason. Kristinn var oft í ham, ekki síst í þriðja leik Íslandsmótsins 1974–75. Gerði þá 48 stig er ÍR-ingar lögðu Valsmenn að velli 95:85. Metið í stigaskorun í einum og sama leiknum var þá 56 stig. Eftir miðjan áratuginn breyttist mikið í íslenskum körfuknattleik. Önnur félög rjúfa þá um 20 ára einokun ÍR og KR á Íslandsmeistarabikarnum.

Kvennaliðið stóð sig vel sem fyrr og vann Íslandsmeistaratitilinn þrisvar sinnum á áttunda áratugnum, 1972, ’73 og ’75. Margar stúlkur komu þar við sögu en mest mæddi á Guðrúnu Ólafsdóttur og Ástu Garðarsdóttur sem lengi léku með liðinu og störfuðu ötullega í þágu kvennakörfuknattleiksins hjá ÍR.

„Alíslenskir“ ÍR-ingar Reykjavíkurmeistarar

Auk þess sem einokun ÍR og KR á Íslandsbikarnum var rofin á áttunda áratugnum jukust vinsældir íþróttarinnar. Breiddin jókst og fram komu

ný lið, einkum á landsbyggðinni. Stærsta og afdrifaríkasta breytingin var sú að erlendum leikmönnum var heimilað að leika með íslenskum liðum. Það varð til þess að flest félögin réðu til sín Bandaríkjamenn sem leikmenn og þjálfara. Gegn því lögðust ÍR-ingar í fyrstu og urðu einna síðastir til að fá sér erlendan leikmann. Þrátt fyrir liðsmun tókst þeim allvel að halda stöðu sinni í úrvalsdeildinni. Þótti í frásögur færandi er „alíslenskt“ lið varð Reykjavíkurmeistari 1975. ÍR-ingar lögðu þá Ármann með bandarískan leikmann innanborðs að velli. Var sá titill einn af 10 sem ÍR-ingar unnu í fyrstu 25 Reykjavíkurmótunum eða til ársins 1982.

Þótt ný lið blönduðu sér í baráttuna um meistaratitilinn og sú keppni yrði ekki lengur einvígi ÍR og KR var Íslandsbikarinn um kyrrt á Túngötunni framan af áttunda áratugnum. Varð ÍR að láta hann af hendi 1974 en vann svo titilinn aftur 1975 og 1977, í bæði skipti án erlendra leikmanna. Eftir það tók sól félagsins að lækka nokkuð á lofti og hefur ÍR ekki hampað Íslandsmeistaratitli í meistaraflokki karla í körfuknattleik síðan eða í 30 ár.

Auðveldara að koma mönnum til Mars en vinna ÍR!

ÍR-ingar færðu félagi sínu góða afmælisgjöf með síðasta Íslandsmeistaratitlinum til þessa en það varð 70 ára nokkrum vikum áður. Var þetta 15. titill ÍR í meistaraflokki karla í 26 Íslandsmótum, þar af sá sjöundi á níu ára tímabili. Enginn leikmaður hefur orðið jafnoft Íslandsmeistari með ÍR og Agnar Friðriksson, burðarás í liðinu um rúmlega áratugar skeið. Var þetta tíundi titill hans, þann fyrsta vann hann 15 árum áður eða 1962.

Einar Bollason þjálfaði ÍR á árunum 1986–1988. Hér er hann í leik að ráðfæra sig við Kristin Jörundsson, greinilega ekki sáttur við framgöngu sinna manna og gott ef hann er ekki að seilast í tóbaksdósina. Lengst til vinstri situr Björn Leósson, sem þjálfaði og lék með ÍR um langt árabil.

Í liðinu sem vann Íslandsmeistaratitilinn 1977 voru Agnar Friðriksson, Ásgeir Guðmundsson, Finnur Geirsson, Jón Jónasson, Jón Jörundsson, Jón Pálsson, Jón Kristján Sigurðsson, Kolbeinn Kristinsson, Kristinn Jörundsson, Óskar Óskarsson, Sigurður E. Gíslason, Sigurbergur Björnsson, Sigurður Valur Halldórsson, Sigurjón Ólafsson, Stefán Kristjánsson, Steinn Logi Björnsson, Þorsteinn Guðnason og Þorsteinn Hallgrímsson.

Lið þetta var hvorki árennilegt né auðunnið, það má greinilega ráða af ummælum Dagblaðsins um fyrri viðureign ÍR og Njarðvíkur sem fram fór í Njarðvík. Heimamenn höfðu aldrei unnið ÍR-inga en höfðu eflst mjög og

Björn Steffensen, eini leikmaður ÍR sem borið hefur titilinn Herra Norðurlönd, í leik gegn Þór Akureyri 1987.

hugðu gott til glóðarinnar. Leikurinn var afar tvísýnn en ÍR hafði betur og vann 67:65. „Það virðist ætla að reynast Njarðvíkingum álíka erfitt að sigra ÍR-inga og fyrir mannskepnuna að koma mönnuðu geimfari til Mars," sagði Dagblaðið í umsögn sinni um leikinn!

Um haustið 1977 streymdu erlendir leikmenn til landsins enda hafði Körfuknattleikssambandið þá rýmt heimildir til þess. Fimm lið fengu bandarískan liðsauka en ÍR var eitt þriggja sem slepptu því að sinni. Stjórn körfuknattleiksdeildarinnar var það ljóst árið eftir að ætti meistaraflokkurinn, andlit félagsins út á við, að geta staðið sig í hinni hörðu baráttu úrvalsdeildarinnar yrði ÍR að fá góðan erlendan leikmann og þjálfara í sínar raðir. Til deildarinnar var ráðinn Paul Stewart frá Los Angeles en Jón Jörundsson hafði lagt mikla áherslu á að hann yrði ráðinn. Þeir voru kunningjar og vissi Jón því gjörla hvað í honum bjó.

Þótt uppskera meistaraflokks í fyrstu teldist rýr, fjórða sæti í úrvalsdeild, kom árangur af ráðningu Stewarts fljótt í ljós í mikilli ásókn í að æfa körfuknattleik hjá ÍR. Nýtt vandamál blasti við – húsnæðisskortur. Var þar þó um annars konar vanda að ræða en á seinni hluta sjöunda áratugarins er körfuboltadeildin varð að dreifa æfingum á sex íþróttahús og leikfimisali; Álftamýrarskóla, Langholtsskóla, Hálogaland, Laugardalshöllina, ÍR-húsið og Réttarholtsskóla. Það þóttu slæmar aðstæður við að búa og sú dreifing dró úr samgangi milli aldursflokka sem nauðsynlegur var til að byggja upp góðan félagsanda. Breyttist það verulega til hins betra með flutningi ÍR í Breiðholtið 1970 en þá fékk körfuknattleiksdeildin aðstöðu með allar sínar æfingar í íþróttahúsi nýs skóla í hverfinu, Breiðholtsskóla.

Mr. Paul Stewart fái síma!

Þegar Stewart var ráðinn til ÍR voru aðstæður á fjarskiptamarkaði aðrar en í dag. Ekki var hægt að fara út í næstu búð og kaupa síma eins og nánast er hægt nú. Brugðið var á það ráð að fá formann ÍR, Þóri Lárusson, til að leita ásjár hjá eina símafélaginu sem þá var starfandi. Ritaði hann bæjarsímstjóranum í Reykjavík eftirfarandi 3. nóvember 1978: „Íþróttafélag Reykjavíkur óskar hér með eftir því við bæjarsímstjórann í Reykjavík að hann sjái sér fært að útvega Mr. Poul Stewart, til heimilis að Dúfnahólum 2, Reykjavík, síma við fyrsta tækifæri. Mr. Poul Stewart er ráðinn sem þjálfari og leikmaður hjá körfuknattleiksdeild ÍR. Forsemda þess að félagið geti nýtt starfskrafta hans sem bezt er að hann hafi síma. Við vonum að þetta erindi mæti velvilja og skilningi að yðar hálfu." Bragðið heppnaðist og komst þjálfarinn von bráðar í símasamband við umheim sinn.

Miklar mannabreytingar áttu sér stað í meistaraflokksliðinu á áttunda áratugnum. Leikmenn, sem settu mikinn svip á meistaraflokksliðið á áttunda áratugnum eru Þorsteinn Hallgrímsson, með hléum, Agnar Friðriksson, Birgir Jakobsson, Kolbeinn Kristinsson, Jón Jörundsson og Sigurður E. Gíslason. Að ógleymdum Kristni Jörundssyni sem dugði lengur eða út árið 1988. Hafði hann þá leikið með meistaraflokki ÍR frá árinu 1968 eða í tvo áratugi.

Töldu fjármunum betur varið í innra starf en útlenda leikmenn

ÍR-ingar fetuðu seint í fótspor annarra liða sem fengu erlenda leikmenn til liðs við sig. Töldu fjármunum betur varið í innra starf og greiddu í fyrstu atkvæði gegn því að útlendingar fengju að leika hér. Fyrir vikið vann meistaraflokkurinn ekki mikil afrek á níunda áratugnum. Örar mannabreytingar í liðinu höfðu þar líka sitt að segja. Varð liðið meðal annars að bíta í það súra epli að falla úr efstu deild, úrvalsdeildinni, 1986 og leika eitt ár í þeirri næstu fyrir neðan, 1. deild. Vann ÍR hana jafnharðan 1987 og komst aftur á meðal þeirra bestu.

Eins og áður sagði töldu ÍR-ingar fjármunum betur varið í innra starf en að greiða erlendum leikmönnum fyrir að leika með liðinu. Í samræmi við það var vorið 1982 ákveðið að fá bandarískan þjálfara til starfa veturinn 1982 til 1983. Kristján og Hjörtur Oddssynir sem höfðu búið í Bandaríkjunum bentu á Jim Dooley þjálfara menntaskólaliðs sem þeir höfðu góð kynni af. Það varð úr að Jim kom ásamt fjölskyldu sinni til landsins í ágúst 1982 og tók að sér þjálfun meistaraflokks kvenna og karla ásamt tveimur yngri flokkum karla. Jim var einnig þjálfari karlalandsliðsins þennan vetur. Þótt Jim væri góður þjálfari kom í ljós um haustið að meistaraflokkur karla átti í vök að verjast gagnvart öðrum liðum í úrvalsdeild sem öll voru með erlendan leikmann og um tíma leit út fyrir að ÍR myndi verma botnsætið í úrvalsdeildinni vorið 1984 og falla í 1. deild. En liðið náði sér vel á strik eftir að það hafði fengið risann Pétur Guðmundsson í sínar raðir í nóvember 1982. Þótt meistaraflokkur karla hefði ekki náð þeim árangri sem vænst var er óhætt að fullyrða í ljósi reynslunnar að starf Jims Dooley skilaði miklum árangri, bæði hvað snerti ýmsar þjálfunaraðferðir og jafnvel enn frekar vegna þeirrar fagmennsku sem Jim sýndi og margir lærðu mikið af. Ef hann hefði verið annan vetur hefði árangurinn orðið enn meiri því það þarf talsverðan tíma til að aðlagast aðstæðum á nýjum stað.
Á þessum tíma voru þó einkar góðir ungir leikmenn í liðinu, svo sem bræðurnir Hreinn og Gylfi Þorkelssynir, fyrrnefndur Pétur, Ragnar Torfason, Hjörtur Oddsson, Benedikt Ingþórsson og Björn Steffensen en þeir léku allir landsleiki fyrir Ísland. Eldri kempur komu og við sögu, sérstaklega þó Kristinn Jörundsson sem enn var að. Hafði hann þá leikið með meistaraflokknum í um tvo áratugi. Stóðst Kristinn ungu mönnunum snúning en síðast lék hann með ÍR í úrvalsdeild veturinn 1987–88.

Jóhannes Sveinsson lék með meistaraflokki ÍR á árunum 1984–1993. Hér er hann í þann veginn að skora gegn Haukum á Strandgötunni á árinu 1989.

Árangur yngri flokka ÍR var ekki eins glæsilegur á áttunda áratugnum og þeim sjötta er 14 titla unnust á Íslandsmótum. Titlarnir urðu aðeins þrír á árunum 1971–80 en næsta áratug á eftir urðu þeir 10 og átta sinnum vannst sigur í bikarkeppni yngri flokkanna. Tveir „gullflokkar“ komu upp á þessum árum og unnu nánast hvern einasta

Meistaraflokkur ÍR 1993-1994
Fremri röð frá vinstri: Hörður Tulinius, Erlingur Snær Erlingsson, Márus Arnarson, Eiríkur Önundarson, Gunnar Þorsteinsson (Hallgrímssonar), Kristján Henrysson og Gunnar Sverrisson.
Efri röð frá vinstri: Óþekktur, óþekktur, Halldór Kristmannsson, Hilmar Gunnarsson, Broddi Sigurðsson, Gísli Hallsson, Bragi Reynisson og Birgir Guðbjörnsson þjálfari.

leik í gegnum yngri flokka mótin undir stjórn Björns Leóssonar. Undir lok níunda áratugarins hafði félagið fest rækilega rætur í Breiðholtinu. Var þá svo komið að flestir leikmenn yngri flokkanna voru úr Breiðholti en ekki Langholtsskóla sem fyrrum.

Tíðar ferðir milli deilda

Tímamót urðu í starfi körfuknattleiksdeildar ÍR er liðið féll úr úrvalsdeildinni árið 1986. Hafði félagið verið óslitið í röð þeirra fremstu í rúma þrjá áratugi. Dvölin í 1. deild var þó stutt því hana unnu ÍR-ingar og komust því aftur upp að ári. Eitthvað var þó vistin meðal þeirra bestu orðin óörugg því að fjórum árum liðnum, 1991, féllu ÍR-ingar á ný. Þó ekki alveg tilþrifalaust því í fyrsta leik sínum með liðinu í byrjun ársins sló Franc Booker, bandarískur leikmaður, í gegn en hann átti eftir að láta meira að sér kveða síðar. Skoraði hann 52 stig í leik gegn Njarðvík, þar af 15 þriggja stiga körfur, sem er met í úrvalsdeild. Þrátt fyrir að liðið efldist féll það í 1. deild um vorið. Hófst þá nokkurra ára eyðimerkurganga og eftir þrjú mögur ár neðra máttu þeir þakka fjölgun í úrvalsdeildinni að þeir komust upp í hana vorið 1994.

Hálfgerð stjórnarkreppa ríkti í körfuknattleiksdeildinni á þessum árum og erfiðlega gekk að manna stjórn. Þrátt fyrir góðan vilja misheppnaðist stjórnarmyndun haustið 1992. Aðeins tveir menn störfuðu að málefnum deildarinnar, Þorgeir Ingvarsson og Pétur Hólmsteinsson. Segir sá fyrrnefndi í skýrslu um starfsemi vetrarins að deildin hefði lagst af hvað varðar þátttöku meistaraflokks ef ekki hefði notið við brennandi áhuga nokkurra leikmanna.

ÍR-liðið sem vann sig upp í úrvalsdeild 1994 var eingöngu skipað ungum leikmönnum sem alist höfðu upp hjá félaginu. Þegar úrvalsdeildarsætið var í höfn þótti hins vegar nauðsynlegt að styrkja liðið með reynslumeiri leikmönnum. Loks svöruðu fjórir fyrrverandi máttarstólpar, sem farið höfðu í önnur lið, kalli ÍR og komu aftur; Jón Örn Guðmundsson, Eggert Garðarsson, Björn Steffensen og Herbert Arnarson.

Þá var ráðinn erlendur leikmaður, John Rhodes, og gerðist hann þjálfari meistaraflokksins jafnframt. Með blöndu af ungum leikmönnum og reyndum svo og áhugasömum og færum þjálfara taldi stjórn deildarinnar það vera raunhæft markmið að félagið kæmist í hóp bestu liða í úrvalsdeildinni.

Árangurinn í úrvalsdeild næstu árin var mjög góður þar sem við erfiða keppinauta var að etja og stjórnin áfram lítt starfhæf. Leikmenn ásamt aðstoðarmönnum sáu að mestu um daglegan rekstur og fjármögnun hans. Svo öflugt var ÍR-liðið að það vann alla heimaleiki sína í úrvalsdeild veturinn 1994–95. Í einum þessara leikja slokknuðu skyndilega öll ljós í Seljaskólasalnum nema týrur við neyðarútgangana. Mjög brösuglega gekk að kveikja á ljósunum að nýju því lekaliði í rafkerfi salarins sló út jafnharðan og búið var að slá honum inn. Eftir tíu mínútur og talsvert stapp tókst loks að fá ljósin til að loga aftur svo leikurinn hæfist að nýju. Vegna velgengni ÍR innan vallar var mjög mikil stemning í Seljaskóla. Stuðningsmenn og unnendur körfuboltans flykktust á leiki liðsins og hvöttu ÍR-inga til dáða. Ekki löngu áður hafði ÍR-liðið oft leikið fyrir nær tómu húsi. Stundum var fæðin á bekkjunum slík að áhorfendur voru nafngreindir.

Jón Örn var einn af lykilmönnum ÍR, „kominn heim“ eftir nokkurra ára fjarveru. Hann lék sinn fyrsta meistaraflokksleik með ÍR aðeins 16 ára

Í leik í Seljaskóla á árinu 1992. Á myndinni sjást kunnir kappar úr starfi deildarinnar, frá vinstri Eiríkur Önundarson, Ragnar Torfason, Björn Steffensen, Þorsteinn Hallgrímsson, Ívar Webster og Arthur Babcock, sem var spilandi þjálfari liðsins.

gamall 1984. Hann var ánægður með sigurgönguna á heimavelli þennan vetur, sagði því fylgja skemmtileg tilfinning. „Þetta hefur verið ævintýri líkast hjá okkur í Seljaskólanum. Ég held að liðið hafi vaxið með hverjum leik og auðvitað er það stolt okkar að láta ekki aðkomulið koma og vinna okkur á heimavelli,“ sagði hann við Morgunblaðið þegar að úrslitakeppninni var komið. Og bætti við að ætlunin væri að gera ÍR að stórveldi á nýjan leik. „Það er að sjálfsögðu markmiðið. Andinn í hópnum er alveg frábær og ég held að það sé mikið til vegna þess að við erum allir ÍR-ingar, nema John Rhodes, og við höfum allir farið í gegnum hendurnar á Einari Ólafssyni og hann á sitt í þessu liði. Við ætlum að gera ÍR að stórveldi og þótt við séum ekki með gamalt lið þá er nóg af strákum að koma upp enda er haldið mjög vel utan um unglingastarfið í Breiðholtinu,“ sagði Jón Örn.

ÍR-liðið þótti yfirleitt leika kappsamlega og spila einstaklega skemmtilegan körfubolta. Komst það alla leið í úrslitakeppni úrvalsdeildarinnar þrjú ár í röð, 1995, 1996 og 1997.

Jón Örn Guðmundson lék með meistaraflokki ÍR á árunum 1983–2000 og er núverandi formaður körfuknattleiksdeildarinnar. Hér er hann að kljást við Þórsarann og fyrrverandi ÍR-inginn Bjarna Össurarson (1987).

Sigurvegarar í 1. deild á þúsaldarárinu

Þrátt fyrir þessa velgengni árin þrjú í röð urðu ÍR-ingar að bíta í það súra epli að falla aftur úr úrvalsdeildinni 1998 og leika í 1. deild næstu tvö árin. Á þúsaldarárinu 2000 unnu þeir þá deild öðru sinni og unnu sér að nýju sæti meðal þeirra bestu. Í liðinu voru Ásgeir Bachmann, Benedikt E. Pálsson, Björgvin J. Jónsson, Björgvin Jóhannesson, Guðni Einarsson, Ingi F. Vilhjálmsson, Jón V. Ágústsson, Jón Örn Guðmundsson, Kevin Grandberg, Kristinn Harðarson, Márus Þ. Arnarson, Ólafur J. Sigurðsson, Sigurður Á. Þorvaldsson, Sigurður S. Tómasson, Steinar Arason og Þór Haraldsson.

Frá þorrablóti körfuknattleiksdeildar 1996, en þá var efnt til vítakeppni í íþróttasalnum í ÍR-heimilinu. Á myndinni eru þeir John Rhodes og Einar Ólafsson að reyna með sér.

Tilhlökkunin að takast á við þá áskorun að keppa í toppdeildinni var mikil í Breiðholtinu. ÍR-liðið sem þar mætti til leiks byggðist á þeim leikmönnum sem unnu 1. deildina svo og á „gömlum" ÍR-ingum sem komnir voru heim á ný. Þar á meðal voru Eiríkur Önundarson, Halldór Kristmannsson, Hreggviður Magnússon, Rúnar Sævarsson og Cedrick Holmes.

Nánast allir leikmenn liðsins voru aldir upp í félaginu. Í því fólst styrkleiki þess; liðsmenn þekktu hver annan vel og báru sakir uppeldisins hag félagsins fyrir brjósti. Markmið ÍR-inga á fyrsta keppnistímabilinu var að komast í úrslitakeppnina, en í henni léku þeir 1995, 1996 og 1997. Liðið var aðeins hársbreidd frá því á fyrsta árinu en varð reyndar að bíða eftir því til ársins 2003 að leika í úrslitakeppninni. Léku í fyrstu umferð við Keflvíkinga og unnu einn leikjanna þriggja en komust ekki lengra. Keflvíkingar fóru hins vegar alla leið og hrepptu Íslandsbikarinn. Til tíðinda dró í deildinni í febrúar 2003 er ÍR-ingar heimsóttu Njarðvíkinga í hina frægu ljónagryfju þar syðra. Var það tímamótaleikur því ÍR-ingar gerðu sér lítið fyrir og lögðu heimamenn að velli, 97:95. Var það fyrsti sigur ÍR í Njarðvík í 20 ár og einn dag. Síðast höfðu ÍR-ingar farið með sigur af hólmi úr ljónagryfju Njarðvíkinga 4. febrúar 1983, 78:60. Í þeim leik skoraði Kolbeinn Kristinsson 25 stig fyrir ÍR og risinn Pétur Guðmundsson 24.

ÍR komst að nýju í úrslitakeppni Íslandsmótsins 2005 og 2006. Fyrra árið lögðu þeir Njarðvíkinga og komust í undanúrslit gegn Íslands- og deildarmeisturum Keflvíkinga. Unnu þá í fyrsta leik en ekki meir og mótherjarnir hrepptu titilinn að nýju í úrslitaeinvígi. Njarðvíkingar voru að nýju mótherjar

ÍR-inga í úrslitakeppninni 2006 en lögðu þá naumlega og hömpuðu fyrir rest Íslandsbikarnum.

Meistaraflokkur ÍR hefur verið á nokkuð góðu róli það sem af er 20. öldinni. Sætið í úrvalsdeildinni hefur aldrei verið í hættu. Bikarmeistari verður félagið á fyrsta ári í deildinni, 2001, og leikur í úrslitum 2003, 2005 og 2006.

Unnu aldrei bikarkeppni þegar liðið var upp á sitt besta

Eins og stundum vill verða með lið sem fagna afburðagengi í meistaramótum vann ÍR aldrei bikarkeppni Körfuknattleikssambandsins á þeim árum er sigurganga liðsins var sem mest. Til samanburðar vann ÍR 15 Íslandsmót af fyrstu 31, á árunum 1952–82. Á þessu tímabili lék ÍR fleiri leiki í mótinu en nokkurt annað lið, eða 308, en næsta lið 288. Fyrirferð ÍR-inga í mótunum var mikil á þessum árum því þeir unnu 226 leiki af 308. Og af leikjunum 81 sem þeir töpuðu var helmingurinn, eða 43, eftir að keppni hófst í úrvalsdeildinni 1979. Einum leik lauk með jafntefli, gegn Gosa í Íslandsmótinu 1955, en þá var jafntefli gott og gilt í körfuknattleik.

Að hluta til kann skortur á árangri í bikarkeppni að skýrast af því að bikarkeppnin var framan af oftast haldin utan hins hefðbundna keppnistímabils. Leikmenn voru því hættir æfingum eða fjarverandi. Bikarkeppnina hefur ÍR reyndar unnið aðeins einu sinni, árið 2001. Beið það lægri hlut í hvert sinn sem það lék til úrslita fram að því eða 1971, 1972, 1979, 1983 og 1989. Að því hlaut að koma að fyrirstaðan brysti því síðustu tveir leikirnir höfðu tapast mjög naumlega.

Bikarmeistarar ÍR 2001. Neðri röð frá vinstri: Steinar Arason, Ólafur Þórisson, Ólafur J. Sigurðsson, Eiríkur Önundarson, Benedikt E. Pálsson, Ólafur Tómasson og Halldór Kristmannsson fyrirliði. Efri röð frá vinstri: Ólafur Long, Ásgeir Bachmann, Hreggviður S. Magnússon, Sigurður Á. Þorvaldsson, Björgvin J. Jónsson, Cedrick Holmes og Jón Örn Guðmundsson þjálfari.

Árið 1983 var ÍR besta varnarlið landsins og tapaði naumt, 78:75, fyrir besta sóknarliðinu, Val, í úrslitaleik bikarkeppninnar. Reyndar munaði aldrei jafnlitlu og 1989 er Njarðvíkingar hrepptu bikarinn eftir sigur á ÍR-ingum, 78:77, í framlengdum og ótrúlega spennandi leik. Staðan að venjulegum leiktíma loknum var jöfn, 71:71. Fimm mínútum fyrir leikslok voru ÍR-ingar níu stigum undir en tókst með ótrúlegum vilja að jafna. „Sigurinn hefði getað fallið hvoru liðinu sem var í skaut," sagði í Morgunblaðinu um leikinn. „Í leikjum sem þessum skiptir heppni alltaf máli. Að þessu sinni vorum það við sem höfðum hana með okkur," sagði þjálfari bikarmeistaranna. Björn Steffensen var besti maður ÍR en einnig stóðu Ragnar Torfason og Sturla Örlygsson fyrir sínu. Jón Örn

Guðmundsson stjórnaði spilinu af öryggi og festu.

Hér sjáum við klifurköttinn Eirík Önundarson í upphafi meistaraflokksferils síns, á árinu 1994.

Komust í úrslitin með því að sprengja bikarmeistarana eins og blöðrur

Jón Örn kemur við sögu í næsta úrslitaleik ÍR-inga í bikarkeppninni því hann var þjálfari liðsins sem loks vann bikarmeistaratitilinn 2001. ÍR-ingar voru þá „nýliðar“ í úrvalsdeildinni og komust í úrslitin eftir óvæntan sigur á Grindvíkingum á útivelli. „Bikarmeistararnir frá Grindavík sprungu eins og blaðra í fjórða leikhluta í undanúrslitum bikarkeppninnar gegn ÍR á sunnudag. Gestirnir nýttu sér það vel og skoruðu fimmtán stig gegn engu á skömmum tíma. Á þessum leikkafla lögðu nýliðarnir grunninn að öruggum sigri þar sem tuttugu stig skildu liðin að í lok leiks, 77:97. Jafnt var á með liðunum í upphafi 4. leikhluta, 64:64, en leikmenn Grindvíkinga fóru þá í skotkeppni sín á milli. En grimmur varnarleikur gestanna gerði þeim erfitt um vik í þeirri keppni sem var dæmd til að mistakast,“ sagði Morgunblaðið um leikinn.

Tveir ungir leikmenn í liði ÍR, Ólafur J. Sigurðsson og Steinar Arason, tóku af skarið í varnarleiknum í fjórða leikhluta og á tímabili komust leikmenn Grindavíkur varla með boltann yfir miðlínuna þar sem hinn kviki Ólafur var iðinn við að stela boltanum. Eiríkur Önundarson átti einn af sínum betri leikjum þennan vetur, skoraði 27 stig og stal sjö sinnum knettinum af Grindvíkingum. Sigur ÍR þótti sanngjarn. „Liðsheildin var til staðar að þessu sinni eftir rýra uppskeru í deildarleikjum að undanförnu og takist liðinu að virkja alla leikmenn liðsins í næstu verkefnum er það til alls líklegt,“ sagði Morgunblaðið og hefur þá líklega haft úrslitaleikinn við Hamar í huga.

Úrslitaleikurinn, sem fram fór í Laugardalshöllinni laugardaginn 24. febrúar, bauð upp á ágætis tilþrif og mikla spennu. Hvergerðingar fjölmenntu á leikinn og studdu sína menn sem höfðu undirtökin í fyrri hálfleik, voru fjórum stigum yfir, 39:35. ÍR-ingum óx ásmegin á lokakafla leiksins og öflug samvinna liðsheildarinnar varð til þess að ÍR-ingar hrósuðu sigri. Lokatölur leiksins urðu 91:83. Fögnuðu þeir vel og innilega fyrsta bikarameistaratitli í sögu félagsins, þremur áratugum eftir að liðið lék í fyrsta sinn til úrslita í bikarkeppninni. Heiðursgestur ÍR-inga á leiknum var Einar Ólafsson fyrrverandi leikmaður og þjálfari ÍR í áratugi. Það kom í hans hlut að afhenda meisturunum bikarinn.

Einari Ólafssyni hefur sjaldan liðið betur

„Mér líður auðvitað vel á þessari stundu og hefur í raun sjaldan liðið betur,“ sagði Einar Ólafsson í samtali við Morgunblaðið skömmu eftir að hann hafði krýnt ÍR-inga sem bikarmeistara. Það var ekki laust við að Einar væri klökkur þegar hann sá sína menn taka á móti bikarnum en Einar er af flestum nefndur faðir

ÍR í körfuboltanum og hann þjálfaði liðið á gullaldarárum félagsins, sagði blaðið. „Mér fannst þetta sanngjarn sigur. Strákarnir spiluðu vel og ég tók sérstaklega eftir því að sigurviljinn hjá þeim var mikill. ÍR hefur gengið í gegnum erfiða tíma í körfuboltanum mörg undanfarin ár en ég get ekki séð betur en að fram undan séu góð ár hjá félaginu. Liðið er ungt að árum og margir bráðefnilegir strákar í því. Ég er því mjög bjartsýnn fyrir hönd félagsins,“ sagði Einar Ólafsson.

Einn af ungu strákunum í ÍR-liðinu sem lét mjög til sín taka um veturinn var Hreggviður Magnússon. Þar þótti mikið efni á ferð, en Hreggviður var 19 ára gamall og hafði fengið eldskírn með landsliðinu fyrr um veturinn. „Ég er hrikalega ánægður með þetta. Við erum búnir að leggja hart að okkur og það er yndislegt að sjá að við erum að uppskera. Ég held að gríðarlega sterk liðsheild okkar hafi verið lykillinn að sigri ÍR í þessum leik auk þess sem við spiluðum mjög góða vörn. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ÍR er að vakna til lífsins og við ætlum að gera félagið að stórveldi aftur. Að vinna þennan titil gefur okkur mikið sjálfstraust og ekki síst er þetta mikil lyftistöng,“ sagði Hreggviður við Morgunblaðið eftir leikinn. Tveimur árum eftir sigurinn hélt Hreggviður til Bandaríkjanna til náms og gat sér mjög gott orð fyrir körfuknattleik með skólaliði sínu. Hann sneri aftur heim í fyrra og samdi um að leika hjá ÍR, uppeldisfélagi sínu, næstu árin.

„Maður er búinn að vera ansi lengi í þessu án þess að fá titil. Það lengsta sem ég hef komist í bikarnum eru átta liða úrslit og ég hef ekki heldur komist lengra en í fyrstu umferð í úrslitakeppni í Íslandsmótsins. Það var kominn tími á þetta, bæði fyrir mig og eins eldri strákana, eins og Halldór Kristmannsson, og þetta er það sem borgar fyrir allt puðið sem maður leggur á sig,“ sagði leikstjórnandinn Eiríkur Önundarson við DV.

Eiríkur setti met í sigurleiknum

Jón Örn Guðmundsson þjálfari var að vonum kampakátur enda fyrsti þjálfari ÍR sem leiðir félagið til sigurs í bikarkeppninni. „Þetta er búinn að vera vægast sagt langþráður titill hjá okkur ÍR-ingum. Þetta er búin að vera löng bið og gaman að henni skuli ljúka hérna með Einar sem heiðursgest okkar ÍR-inga,“ sagði Jón Örn við DV. Hann hafði einmitt stigið sín fyrstu spor undir leiðsögn Einars Ólafssonar um tveimur áratugum áður og numið listina af honum. „Það var ægilegur skrekkur í báðum liðum í fyrsta fjórðungi og mikið um mistök. Þetta eru leikmenn hjá báðum liðum sem ekki hafa verið í svona leikjum áður. Mér fannst ungu strákarnir komast mjög sterkt frá þessu. Þessi leikur er gríðarleg reynsla fyrir þá og ánægjuleg þar sem þeir fara héðan sem sigurvegarar og ég er mjög stoltur af þeim,“ sagði Jón Örn einnig.

Eiríkur Önundarson fer hér fram hjá Pétri Ingvarssyni í leik gegn Hamri í úrvalsdeildinni 2005.

ÍR varð með sigrinum tíunda félagið til að fagna bikarmeistaratitli í körfubolta

karla og bikarinn fór nú í fyrsta sinn til Reykjavíkur, eða síðan KR vann hann 1991. Reykjaneslið höfðu unnið bikarinn níu ár í röð. Eiríkur Önundarson

Meistaraflokkur kvenna 1971. Þjálfari liðsins var Sigurður Gíslason, sem var miðherji meistaraflokks karla á gullaldarárunum á sjöunda og áttunda áratugnum. Fyrir miðri mynd er Guðrún Ólafsdóttir með bikar og henni á vinstri hönd er Ásta Garðarsdóttir.

bætti stoðsendingametið í bikarúrslitaleik með 11 slíkum sendingum. Átta þeirra komu í seinni hálfleik, þar af fimm í þriðja leikhluta, en í honum lagði ÍR grunninn að sigrinum.

30 karlar og 14 konur í landsliðið

Eins og gefur að skilja hefur ÍR átt landsliðsmönnum á að skipa alla tíð. Þorsteinn Hallgrímsson og Lárus Lárusson eru þar frumkvöðlar því þeir voru í landsliðinu sem lék fyrsta landsleikinn í körfuknattleik. Þorsteinn var aðeins 16 ára og í byrjunarliðinu gegn Dönum í Kaupmannahöfn 1959. Helgi Jóhannsson og Helgi Jónasson voru valdir í liðið upphaflega og æfðu með því en forfölluðust og fóru ekki utan. Danir unnu mjög nauman sigur, 41:38. Var þetta þó fertugasti landsleikur þeirra en aðeins fyrsti leikur Íslendinga. Bar dönskum blöðum saman um að Íslendingarnir hefðu eins vel getað sigrað því þeir hefðu verið í mikilli sókn síðari hluta leiksins. Þorsteinn var aðeins 16 ára gamall sem þótti sosum ekki undarlegt því hann var þá orðinn það góður leikmaður að honum var teflt fram í byrjunarliðinu.

Alls hafa 30 leikmenn ÍR leikið með a-landsliði Íslands en þeir eru auk Þorsteins: Agnar Friðriksson, Anton Bjarnason, Benedikt Ingþórsson, Birgir Jakobsson, Björn Ottó Steffensen, Bragi Reynisson, Eggert Garðarsson, Eiríkur Önundarson, Erlendur Markússon, Guðmundur Þorsteinsson, Gylfi Þorkelsson, Haukur Hannesson, Herbert Arnarson, Hjörtur Oddsson, Hólmsteinn Sigurðsson, Hreggviður Magnússon, Hreinn Þorkelsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Jón Jónasson, Jón Jörundsson, Kolbeinn Kristinsson, Kristinn Jörundsson, Pétur Guðmundsson, Ragnar Torfason, Sigurður E. Gíslason, Sigurður P. Gíslason, Sigurður Þorvaldsson og Skúli Jóhannsson.

Fimm ÍR-konur í fyrsta kvennalandsliðinu

Kvennalandsliði var ekki teflt fram fyrr en árið 1973 og lék það fjóra leiki í Norðurlandamóti kvenna sem fram fór í Noregi. Í því liði átti ÍR fimm leikmenn; Ástu Garðarsdóttur, Guðrúnu Ólafsdóttur, sem var fyrirliði, Línu Gunnarsdóttur, Olgu Bjarnadóttur og Þóru Ragnarsdóttur. Landsliðið tapaði öllum sínum leikjum og það stórt fyrir Svíum, 15:112. Hafði þar sitt að segja að meðalhæð sænsku stúlknanna var 1,77 m en íslenska liðsins 1,69 m. Þá voru þær sænsku reynslumeiri, höfðu að jafnaði leikið 21 landsleik. Best gekk á móti Dönum.

Landslið kvenna var ekki endurreist fyrr en árið 1986. Með liðinu hafa leikið eftir það Anna Dís Sveinbjörnsdóttir, Gréta María Grétarsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Hildigunnur Hilmarsdóttir, Hildur Sigurðardóttir, Hrönn Harðardóttir, Linda Stefánsdóttir, Vala Úlfljótsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir. Eru því landsliðskonur ÍR 14 talsins.

Fengu ekki verðlaunapeninga fyrir Íslandsmótið 1958

ÍR stofnaði kvennaflokk í körfuknattleik þegar í upphafi, árið 1950. Hafa kvenna- og stúlknaflokkar félagsins jafnan verið aðsópsmiklir um dagana. Þannig unnu ÍR-stúlkurnar Íslandsmótið 1956, 1957 og 1958. Unnu báða mótherja sína 1957, fyrst Ármann og síðan KR. Þau mistök urðu við framkvæmdina 1958 að leikið var eftir alþjóðareglum en innan ÍSÍ giltu sérstakar kvennareglur sem voru mjög frábrugðnar almennum reglum íþróttarinnar og í raun úreltar.

Mótið taldist því ógilt sem Íslandsmót og þótti því ekki rétt að afhenda sigurvegurum ÍR-inga verðlaunapeninga, sem þær höfðu þó fyllilega unnið til fyrir góða frammistöðu. Þrátt fyrir þetta eru ÍR-ingar skráðir Íslandsmeistarar kvenna á þessum árum af hálfu Körfuknattleikssambandsins.

Fyrsta „löglega“ kvennamótið fór fram 1959 er nýjar reglur höfðu tekið gildi – reglur hins alþjóðlega körfuknattleikssambands, sem ÍSÍ hafði gerst aðili að. Í kvennaflokknum var keppt um tinkönnu sem Jakob Hafstein, fráfarandi formaður ÍR, gaf.

Fyrsta þátttaka meistaraflokks á Íslandsmóti var árið 1953, gegn Ármanni sem vann leikinn 18:12. Fjórum sinnum hömpuðu ÍR-stúlkurnar Íslandsmeistaratitlinum á sjöunda áratugnum og þrisvar á þeim áttunda, síðast 1976. Einnig vann ÍR 2. deild árin 1961, 1962, 1977 og 1978. Þá fór kvennaflokkurinn í keppnisferð til Englands og Skotlands 1966 og varð með því fyrstur íslenskra kvennaliða í körfuknattleik til að fara til útlanda til keppni. Aftur fóru ÍR-stúlkur í keppnisferð til Skotlands 1971 og voru þá í för með meistaraflokki karla.

Vanar að stoppa við miðju vallarins

Hrefna Ingimarsdóttir íþróttakennari annaðist þjálfun kvennaflokka ÍR fyrstu árin. Hún var eiginkona Inga Þórs Stefánssonar leikmanns og síðar formanns körfuknattleiks-

deildar ÍR. Hún lærði körfuknattleik í Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni, hjá Sigríði Valgeirsdóttur, en hún hafði stundað nám í Bandaríkjunum. Sigríður kenndi kvennakörfuknattleik samkvæmt þeim reglum að sex leikmenn væru í hvoru liði, þrír fyrir framan miðju og þrír fyrir aftan miðju og var öllum óheimilt að fara yfir miðlínuna. Leikmenn skiptust því í sóknarleikmenn og varnarleikmenn.

Þessa aðferð kenndi Hrefna síðan hjá ÍR. Þegar ÍR-stúlkurnar hófu svo að leika við kvennalið á Keflavíkurflugvelli árið 1951 var leikið eftir alþjóðareglum,

Kvenna- og karlalið ÍR á leið í keppnisferð í kringum 1970.

sem voru hinar sömu og hjá körlum. Við það lentu ÍR-stúlkurnar í mestu erfiðleikum. Þær voru allsendis óvanar því að mega og þurfa að hlaupa um allan völlinn og stoppuðu því iðulega á miðju.

Leikið var eftir þessum reglum í fyrsta Íslandsmótinu, í leik Ármanns og ÍR 1953. Þær voru mjög frábrugðnar leikreglum karla. Fyrir bragðið væri leikur kvenfólksins hægari og leiðinlegri en leikir karla, eins og Alþýðublaðið komst að orði um viðureignina. Eðlilegast sagði blaðið að stúlkurnar lékju eftir sömu reglum og piltarnir.

Liðið hætti og nýr hópur tók við

Fyrsta þátttaka meistaraflokks ÍR í Reykjavíkurmóti kvenna var árið 1958. Árið eftir, 1959, voru allar konurnar sem æft höfðu fram að þeim tíma hættar. Kom því algjörlega nýr hópur ungra stúlkna úr Hagaskóla í ÍR. Í þeim hópi voru m.a. Matthildur Kristinsdóttir, Ásta Garðarsdóttir, Sigrún Gunnarsdóttir og Svanhvít Bjarnadóttir. Þjálfari frá upphafi var Einar Ólafsson samfellt til ársins 1964. Leiddi hann hið unga og ekki reynslumikla lið til sigurs í Íslandsmótinu 1963. Er á sjöunda áratuginn leið efldist liðið og varð oftsinnis Reykjavíkurmeistari og aftur Íslandsmeistari 1966, 1967 og 1970. Fyrstnefnda árið mættu aðeins tvö lið til leiks, ÍR og KR, og fór ÍR með sigur af hólmi, 28:18. Árið eftir voru liðin þrjú, Skallagrímur í Borgarnesi, hafði bæst í hópinn. Aftur var ÍR ósigrað í mótslok og stúlkurnar því vel að sigrinum komnar. Unnu KR 29:21 í skemmtilegum leik og UMFS 23:11. Í mótinu 1970 unnu ÍR-stúlkurnar alla andstæðinga sína og sagði Morgunblaðið að Rannveig Laxdal, kunn frjálsíþróttakona, hefði verið langbest í liði ÍR. Í meistaraliðinu 1966 og 1967 voru Helga Gunnarsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Dagbjört Halldórsdóttir, Ásta Garðarsdóttir, Rannveig Laxdal, Fríður Guðmundsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Í byrjun sjöunda áratugarins var og stofnaður 2. flokkur kvenna. Vann hann Reykjavíkurmeistaramótið 1961 og Íslandsmótið næstu tvö ár. Þessar stúlkur urðu síðar aðaluppistaðan í meistaraflokksliði félagsins. Kvennaliðið stóð sig vel sem fyrr og vann Íslandsmeistaratitilinn þrisvar sinnum á áttunda áratugnum, 1972, 1973 og 1975. Margar stúlkur komu þar við sögu en mest mæddi á Guðrúnu Ólafsdóttur og Ástu Garðarsdóttur sem lengi léku með liðinu og störfuðu ötullega í þágu kvennakörfuknattleiksins hjá ÍR.

Kvennaflokkurinn hélt eins og áður sagði árið 1966 til Englands og Skotlands í keppnisferð og lék meðal annars við landslið Skota og þrjú félagslið í London. Haldið var sambandi við skosk félög og þau heimsótt nokkrum sinnum á næstu árum.

Bikarmeistarar í þriðju tilraun 1979

Með vaxandi áhuga á körfuknattleik kvenna um land allt og jafnari keppni urðu titlar torsóttari með tímanum. Kvennalið ÍR hefur þó jafnan staðið fyrir sínu. Árið 1979 varð það bikarmeistari, í þriðju tilraun. Vann það stúdínur úr ÍS 55:45 en hafði tapað gegn KR 1976 og 1977. ÍR-stúlkurnar

Meistaraflokkur kvenna 1972, ásamt Einari Ólafssyni þjálfara sínum. F.v.: Sólrún Ástvaldsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Lína Gunnarsdóttir, Ásta Garðarsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Halldóra Kristjánsdóttir, Anna Eðvarðsdóttir, Vilborg og Friðný Jóhannesdóttir.

léku einnig til úrslita næstu tvö ár eftir sigurinn 1980 og 1981 en biðu lægri hlut fyrir ÍS í bæði skiptin.

Í sigurleiknum voru ÍR-stúlkurnar sprækari í byrjun og komust í 10:4 og 17:11. ÍS náði að jafna, 22:22, og aðeins tveggja stiga munur var í leikhléi, 28:26 ÍR í vil. Fyrstu mínútur seinni hálf-

ÍR-konur 1984, ásamt Hreini Þorkelssyni þjálfara.
Efri röð frá vinstri: Auður Rafnsdóttir, Hildigunnur Hilmarsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Aðalbjörg, Hrönn Harðardóttir.
Neðri röð frá vinstri: Fríða Torfadóttir, Þóra Gunnarsdóttir, Dagbjört Leifsdóttir, Vala Úlfljótsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir.

Meistaraflokkur kvenna frá 1999. Þessar stúlkur gátu sér gott orð í yngri flokkum kvennakörfunnar og urðu m.a. Íslands- og bikarmeistarar í unglingaflokki 1998. Á myndinni eru, talið efst frá v.: Guðrún Sigurðardóttir, Sóley Sigurþórsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Þórunn Bjarnadóttir, Gréta María Grétarsdóttir og Riccardo Masceroni þjálfari. Neðri röð frá v.: Ragnhildur Guðmundsdóttir, Jófríður Halldórsdóttir, Stella Rún Kristjánsdóttir, Erna Margrét Þórðardóttir og Hildur Sigurðardóttir.

leiks voru mjög jafnar en þegar staðan var 36:36 kom góður kafli hjá ÍR sem breytti stöðunni í 41:36 og síðan 47:39. Gerðu ÍR-stúlkurnar í raun út um leikinn á þessum kafla og sigri þeirra varð ekki ógnað. Þær höfðu tekið miklum framförum um veturinn og voru vel að sigrinum komnar. Þrjár stúlkur sköruðu fram úr hjá ÍR í úrslitaleiknum; Anna Eðvarðsdóttir, Guðrún Bachmann og Guðrún Gunnarsdóttir. Þá var og gamla kempan Ásta Garðarsdóttir drjúg. Anna og Guðrún Bachmann voru stigahæstar í liðinu með 18 stig hvor og Guðrún Gunnarsdóttir skoraði níu. Liðin áttust enn einu sinni við í úrslitum 1985 og munaði aðeins einu stigi í lokin, 25:24, ÍS í hag. Guðrún Gunnarsdóttir, sem var ung og efnileg í sigurleiknum 1979, var atkvæðamest í síðari leiknum. Skoraði nær helming stiga ÍR eða 10.

Það munaði einnig aðeins einu stigi 1991 er ÍS og ÍR léku enn einu sinni til úrslita í bikarkeppninni. ÍR-ingar byrjuðu vel og náðu fljótt góðri forystu en misstu leikinn niður og voru undir í hálfleik, 26:30. Og allt virtist stefna í sigur ÍS er Linda Stefánsdóttir jafnaði, 44:44, með þriggja stiga körfu er 12 sekúndur voru eftir. Kom því til framlengingar að loknum venjulegum leiktíma 19. mars í Laugardalshöll.

Sigurinn gat fallið hvoru liðinu sem var í skaut. Og minnstu munaði að ÍR-stúlkur færu með hann af hólmi. Þær urðu þó fyrir blóðtöku er Linda hvarf af leikvelli vegna fimmtu villu strax í byrjun framlengingarinnar. Það kom sér illa því hún hafði stjórnað leik ÍR. En Hildigunnur Hilmarsdóttir tók þá til sinna ráða og kom ÍR í 51:49 rúmri mínútu fyrir lok framlengingarinnar. Fór þó svo að lokum að stúdínur höfðu sigur, skoruðu þriggja stiga körfu á lokasekúndunum og unnu 52:51.

Þetta var í síðasta sinn sem ÍR lék til úrslita í bikarkeppni kvenna í körfuknattleik. Flest stig ÍR skoraði Linda eða 16, Hildigunnur 10 og Hrönn Harðardóttir 10. Liðið í úrslitaleiknum 1991 skipuðu Dagbjört Leifsdóttir, Fríða Torfadóttir, Guðrún Árnadóttir, Hildigunnur Hilmarsdóttir, Hrönn Harðardóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, Linda Stefánsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Vala Úlfljótsdóttir og Valdís Rögnvaldsdóttir. Þjálfari var Jóhann H. Bjarnason.

Tveimur árum fyrir þennan leik, eða 1989, lék ÍR einnig til úrslita í bikarkeppninni og þá við ÍBK. Leikurinn var jafn mestallan tímann og um miðjan fyrri hálfleik var staðan 16:15 fyrir ÍR. Seint í seinni hálfleik var jafnt, 59:59, en ÍR-stúlkurnar komust í villuvandræði. Linda Stefánsdóttir og Vala Úlfljótsdóttir voru báðar úr leik upp úr miðjum seinni hálfleik og það reið baggamuninn. Lauk leiknum með 78:69-sigri ÍBK. Lið ÍR skipuðu Harpa Guðbrandsdóttir, Hildigunnur Hilmarsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Hrönn Harðardóttir, Inga Magnúsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, Linda Stefánsdóttir, María Leifsdóttir, Sigrún Hauksdóttir og Vala Úlfljótsdóttir en þjálfari var Jón Jörundsson.

Meistaraflokkurinn hverfur nær allur úr ÍR

Kvennalið ÍR stóð fyrir sínu á tíunda áratugnum og var oftast í baráttu efstu liða þótt titlar hefðu ekki unnist. Undantekning var Reykjavíkurtitill haustið 1990. Eftir að kvennalandsliðið var endurreist 1986 hafa Anna Dís Sveinbjörnsdóttir, Gréta María Grétarsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Hildigunnur Hilmarsdóttir, Hildur Sigurðardóttir, Hrönn Harðardóttir, Linda Stefánsdóttir, Vala Úlfljótsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir leikið með því.

Eins og átti sér stað í lok sjötta áratugarins urðu algjör kynslóðaskipti í meistaraflokki kvenna hjá ÍR árið 1993. Hvarf flokkurinn sem leikið hafði um vorið í úrslitakeppni Íslandsmótsins nær allur úr félaginu er níu leikmenn liðsins gengu yfir í Val. Þar á meðal var Linda Stefánsdóttir sem kjörin hafði verið besti leikmaður Íslandsmótsins skömmu áður og einnig 1991.

Frá uppskeruhátíð ÍR 1997 í ÍR heimilinu. Frá vinstri: Aðalsteinn Hrafnkelsson formaður unglingaráðs, Eggert Maríuson þjálfari 9. flokks karla, Ólafur J Sigurðsson, Ómar Örn Sævarsson, Ottó og Hreggviður S Magnússon

Tvær þeirra sneru hins vegar aftur heim í heiðardalinn tveimur árum, Linda og Þóra Gunnarsdóttir. Því til viðbótar bættist ÍR liðsauki í Önnu Dís Sveinbjörnsdóttur og Hafdísi Sveinbjörnsdóttur, tveimur öflugum leikmönnum úr Grindavík. Þarna var um að ræða fjóra sterka leikmenn og var ÍR því með gott lið á ný tveimur árum eftir kynslóðaskiptin. Þær Anna Dís og Linda voru valdar í úrvalslið 1. deildar kvenna eftir fyrsta veturinn, vorið 1996. Linda var einnig í því liði 1990, 1991, 1992 og 1993.

Sigruðu í 2. deild 2003 en hættu eftir að falla strax aftur

Við þennan liðsauka urðu algjör stakkaskipti hjá meistaraflokki kvenna veturinn 1995–1996. Í stað þess að reka lestina, eins og hafði verið hlutskiptið í tvö ár, velgdi liðið flestum öðrum



Meistaraflokkur ÍR 1997–1998.
Fremri röð frá vinstri: Márus Arnarson, Daði Sigurþórsson, Eiríkur Önundarson, Atli Sigurþórsson, Þór Haraldsson og Karl Guðlaugsson
Aftari röð frá vinstri: Antonio Vallejo þjálfari, Hjörleifur Sigurþórsson, Jón Valgeir Williams, Lawrence Culver, Gísli J. Hallsson, Ásgeir Hlöðversson, Guðni Einarsson og Einar Hannesson.

undir uggum og endaði í 5. sæti af 10. Anna Dís og Linda voru báðar kosnar í fimm manna úrvalslið af leikmönnum deildarinnar.

Guðfaðir ÍR, Einar Ólafsson, ásamt þjálfurunum Aðalsteini Hrafnkelssyni og Þorvaldi Hallssyni, í hópi ungra og efnilegra drengja á árinu 1994. Meðal annarra má nefna Kristján Sveinlaugsson, Einar Sigurðsson, Viðar Friðriksson og Helga Val Daníelsson.

Þrjár þeirra sem komu til liðs við ÍR 1995 hurfu aftur eftir ár, aðeins Hafdís var eftir. Liðið var því að mestu skipað ungum og óreyndum stúlkum næstu árin. Því var það við botninn næstu þrjár leiktíðir. Þúsaldarárið lék það í 2. deild og einnig næstu þrjú, en árið 2003 vann ÍR 2. deildina með glæsibrag, stúlkurnar sigruðu í öllum 16 leikjum sínum og voru því komnar í 1. deild að nýju. Liðið skipuðu Bryndís Bragadóttir, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Halla Hákonardóttir, Hildigunnur Hilmarsdóttir, Kristín F. Þorgrímsdóttir, Kristrún Sigurjónsdóttir, Linda Ó. Heimisdóttir, Ólöf H. Þórarinsdóttir, Ragnhildur E. Guðmundsdóttir, Rakel M. Viggósdóttir og Sif Ólafsdóttir.

Frá haustinu 2000 var tekið upp samstarf við Breiðblik um starfrækslu kvennaflokka og voru send sameiginleg lið til keppni á Íslandsmóti undir heitinu ÍR/Breiðablik í öllum flokkum kvenna 2000–2001 og 2001–2002. Samstarfið var farsælt en samt ákvað körfuknattleiksdeild ÍR að hætta því eftir tvö ár og hefja starfrækslu eigin kvennaflokka.

Hið unga sjálfstæða lið sem vann 2. deildina strax á næstu leiktíð, 2003, virtist þrátt fyrir liðsauka af Vesturlandi ekki hafa mikið í keppnina í efstu deildinni að gera að sinni. Varð það í sjötta og neðsta sæti og féll strax aftur 2004. Var meistaraflokki kvenna ekki teflt fram af hálfu ÍR 2005 og 2006 meðan byggt yrði upp til nýrrar framtíðar.

ÍR-ingar lögðu alla í Svíþjóð og því óopinberir Norðurlandameistarar

Aldur og reynsluleysi þarf sosum ekki að koma í veg fyrir árangur. Ungir körfuknattleiksmenn úr ÍR, 9. flokkur, fóru sigurför til Svíþjóðar um páska 1997, skömmu eftir 90 ára afmæli félagsins. Sigruðu þeir örugglega í Scania Cup-mótinu sem er óopinbert Norðurlandamót félagsliða. Þar kepptu sterkustu félagslið Norðurlandaþjóðanna í þessum flokki, en hann skipa piltar sem verða 15 ára á árinu.

Fyrstu tveir leikirnir reyndust léttir en sá þriðji, gegn finnska liðinu Kouvot, var erfiður. ÍR-liðið var átta stigum undir í hálfleik en góður kafli í síðari hálfleik þar sem þeir gerðu 20 stig gegn aðeins einu andstæðinganna tryggði ÍR sigur. Þar með voru þeir komnir í undanúrslit og þá einnig gegn finnsku liði, Topo. Sú viðureign var jöfn en ÍR-ingar höfðu þó frumkvæðið lengst af. Þegar líða tók á síðari hálfleik var munurinn aðeins tvö stig á liðunum en góður sprettur ÍR-inga á lokamínútunum nægði til sigurs.

Í örvæntingu undir lokin reyndu leikmenn Topo þriggja stiga skot sem ekki rötuðu rétta leið. ÍR-ingar gengu á lagið og tryggðu sér sæti í úrslitum. Þar mættu þeir sænska félaginu Akropol og báru öruggan sigur úr býtum, 65:54, eftir að hafa mest verið 24 stigum yfir á kafla.

Reykjavíkurmeistarar ÍR 2004.
Neðri röð frá vinstri: Gunnlaugur Hafsteinn Erlendsson, Trausti Stefánsson, Ólafur Jónas Sigurðsson, Eiríkur Önundarson fyrirliði, Ólafur Þórisson, Sveinbjörn Claessen og Halldór Gíslason.
Efri röð frá vinstri: Markús Þorgeirsson, Fannar Freyr Helgason, Ásgeir Hlöðversson, Ómar Örn Sævarsson, Grant Davis, Herbert McCall, Kristján Sveinlaugsson og Eggert Maríuson.

Ólafur Sigurjónsson var valinn maður úrslitaleiksins, en hann skoraði 25 stig, og Gylfi Jónsson varð fyrir valinu sem baráttumaður leiksins. Hreggviður Magnússon var kjörinn leikmaður mótsins en hann gerði alls 132 stig í leikjunum sex, eða 22 stig að meðaltali í leik. Hann og Ólafur voru einnig valdir í fimm manna stjörnulið mótsins.

Gerðu einnig góða ferð á Scania Cup 1985

Í liði ÍR sem Eggert Garðarsson þjálfari leiddi til sigurs í Scania Cup voru Arnar Steinsson, Birgir Hallgrímsson, Daníel Davíðsson, Fannar Viktorsson, Gunnar Tómasson, Gylfi Jónsson, Hreggviður Magnússon, Hörður Birgisson, Ingi Heimisson, Ingvar Helgason, Karl Jónsson, Ottó Reimarsson, Ólafur Sigurðsson, Ómar Sævarsson, Sigurbjörn Guðjónsson, Sigurður Tómasson og Viðar Kristinsson.
Ungir ÍR-ingar í 5. flokki gerðu einnig góða ferð á Scania Cup 1985 og urðu í þriðja sæti af tíu liðum en fjögur þeirra voru meistarar í viðkomandi

löndum. Tvö finnsk lið voru efst og því næst ÍR-ingar, sænsku meistararnir fjórðu og þeir dönsku í fimmta sæti. Herbert Arnarsson var valinn í fimm manna úrvalslið mótsins, en rúsínan í pylsuendanum var sú að hann var einnig valinn besti leikmaður mótsins. Herbert stóð sig vel ári seinna í sömu keppni. ÍR-liðið varð aftur í þriðja sæti og hann var þá einnig valinn í úrvalslið mótsins.

Árið áður, 1984, fóru þjálfararnir Björn Leósson og Einar Ólafsson með 4. og 5. flokk til Norrköping í Svíþjóð til þátttöku í College-cup-mótinu svonefnda. Ferðin var í upphafi hugsuð sem reynsluferð á getu ÍR-pilta gegn jafnöldrum sínum á Norðurlöndum. Árangurinn varð með ágætum, fjórði flokkur varð í 8.–9. sæti af 20 liðum. Fimmti flokkurinn bætti þó um betur og varð í þriðja sæti af 10.

Leikmenn stjörnuleikja eldri og yngri meistaraflokka ÍR (karla og kvenna) vorið 2004.

Körfuknattleiksdeildin stefnir markvisst inn í framtíðina

Með þeirri undantekningu sem meistaraflokkur kvenna hefur verið örfá undanfarin ár hefur staða körfuboltans verið nokkuð styrk innan ÍR undanfarin ár og starfið öflugt. Og körfuknattleiksdeildin stefnir markvisst inn í framtíðina. Utan félagsins ríkir tiltrú í garð hennar því sumarið 2006 hlaut hún þriggja ára starfssamning við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis (SPRON). Gerðist bankinn aðalstyrktaraðili deildarinnar næstu þrjú árin og nær samstarfið allt frá meistaraflokkum félagsins til æskulýðsstarfs. Með því vildi hann stuðla að því að ÍR eigi lið í fremstu röð í öllum aldursflokkum í framtíðinni.

Stuðningi af þessu tagi hefði einn af hinum fórnfúsu sjálfboðaliðum deildarinnar í öndverðu, Ingi Þór Stefánsson fyrrverandi formaður hennar, fagnað. Íþróttin fannst honum göfug og gefandi. Það hefði glatt hann að sjá í hvaða farvegi deildin er í við aldarhvörf á ævi félagsins. Í Ólympíubókinni frá 1957 ritar hann um tilurð körfuknattleiks og starfsemi körfuknattleiksdeildar ÍR og segir: „Óhætt er að segja, án þess að vanvirða nokkurn annan

knattleik, að körfuknattleikur gefur hvað mesta hreyfingu og fjölbreytni í vöðvaáreynslu. Mýkt, snerpa, teygjanleiki og nákvæmni eru þeir hæfileikar, sem fyrst og fremst þjálfast með iðkun körfuknattleiks. Þá má og benda á uppeldislega gildið, þar sem sérhver móðgun við dómara, með- eða mótspilara er vítaverð samkvæmt reglunum. Enda var Dr. Naismith falið að skapa leik, sem ekki aðeins þjálfaði líkamann vel, heldur og hugann og kenndi mönnum skilyrðislausa hlýðni. Þetta má segja, að honum hafi tekist með körfuknattleik.“



Eiríkur Önundarson fyrirliði tekur á móti bikarnum fyrir sigur ÍR í Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar 2007.

Bikarmeistarar ÍR 2007.
Fremri röð f.v.: Ólafur Þórisson, Nate Brown, Ólafur J. Sigurðsson, Eiríkur Önundarson fyrirliði, Trausti Stefánsson og Davíð Þ. Fritzson.
Aftari röð f.v.: Jón Arnar Ingvarsson þjálfari, Jófríður Halldórsdóttir sjúkraþjálfari, Steinar Arason, Fannar F. Helgason, Ómar Örn Sævarsson, Hreggviður S. Magnússon, Keith Vassel, Sveinbjörn Claessen og Gísli J. Hallsson aðstoðarþjálfari.